



## Svartsengi – Reykjanes

Vinnslueftirlit árið 2002  
Hita- og þrýstímælingar 1995 – 2002  
Efnavöktun 1996 – 2002



Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja





**ORKUSTOFNUN**  
Rannsóknasvið

Verknr.: 8-630228

## **Svartsengi – Reykjanes**

**Vinnslueftirlit árið 2002**  
**Hita- og þrýstimælingar 1995 – 2002**  
**Efnavöktun 1996 – 2002**

**Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja**

**OS-2003/005**

**Febrúar 2003**

ISBN 9979-68-114-2

ORKUSTOFNUN – RANNSÓKNASVIÐ  
Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími: 569 6000 – Fax: 568 8896  
Akureyri: Háskólinn á Akureyri, Sólborg v. Norðurslóð, 600 Ak.  
Sími: 463 0559 – Fax: 463 0560  
Netfang: [os@os.is](mailto:os@os.is) – Veffang: <http://www.os.is>



<b>Skýrsla nr.:</b> OS-2003/005	<b>Dags.:</b> Febrúar 2003	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Svartsengi – Reykjanes I. Hluti: Vinnslueftirlit árið 2002 II. Hluti: Hita- og þrýstímælingar 1995–2002 III. Hluti: Efnavöktun 1996–2002		<b>Upplag:</b> 40 <b>Fjöldi síðna:</b> 146
<b>Höfundar:</b> I. Verkfræðistofan Vatnaskil sf. II. Rannsóknasvið Orkustofnunar, Grímur Björnsson, Arnar Hjartarson, Peter E. Danielsen, III. Rannsóknasvið Orkustofnunar, Magnús Ólafsson		<b>Verkefnisstjóri:</b> Sverrir Þórhallsson
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Reglubundið vinnslu-, mælinga- og efnaeftirlit		<b>Verknúmer:</b> 8-630228
<b>Unnið fyrir:</b> Hitaveitu Suðurnesja		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<b>Útdráttur:</b> Skýrslan er í þremur hlutum, um eftirlit með vinnslu, mælingar í borholum og vöktun efna í borholum á jarðhitasvæðunum í Svartsengi og Reykjanesi. Í fyrsta hlutanum, um vinnslueftirlitið sem Verkfræðistofan Vatnaskil annast, er gerð grein fyrir eftirlitinu árið 2002. Annar og þriðji hluti var unninn af Rannsóknasviði Orkustofnunar og nær það eftirlit til áranna 1995–2002. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi vöktun á áhrifum vinnslunnar á jarðhitasvæðin er tekin saman í eina skýrslu. Hún veitir því gott yfirlit yfir þær breytingar sem mælast, og aðgengi að gögnunum er gert auðveldara með því að setja grunn gögnin á meðfylgjandi geisladisk.		
<b>Lykilorð:</b> Háhitasvæði, borholur, eftirlit, vinnsla, vatnsborð, hiti, þrýstingur, efnastyrkur, gufa. gas, Svartsengi, Reykjanes	<b>ISBN-númer:</b> 9979-68-114-2	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>	
	<b>Yfirlit af:</b> SÞ, PI	

## **EFNI**

### **I. Hluti: Svartsengi – Reykjanes Vinnslueftirlit árið 2002**

Verkfræðistofan Vatnaskil sf.

### **II. Hluti: Svartsengi Hita- og þrýstimælingar í borholum**

Rannsóknasvið Orkustofnunar: Grímur Björnsson  
Arnar Hjartarson  
Peter E. Danielsen

### **III. Hluti: Svartsengi – Reykjanes Efnavöktun 1996 – 2002**

Rannsóknasvið Orkustofnunar: Magnús Ólafsson

# **I. HLUTI**

**Svartsengi – Reykjanes**

**Vinnslueftirlit árið 2002**

**Verkfræðistofan Vatnaskil sf.**

# SVARTSENGI

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	7
2. VINNSLA ÚR JARÐHITASVÆÐINU .....	7
3. VATNSBORÐSMÆLINGAR .....	14
4. REIKNILÍKAN .....	16
VIÐAUKI: Skrá yfir eyður í vinnsluholunum. ....	26

## TÖFLUR

Tafla 1. <i>Holustuðlar</i> .....	8
Tafla 2. <i>Vinnsla úr jarðhitaholum</i> .....	9
Tafla 3. <i>Vinnsla úr jarðhitasvæðinu</i> .....	10
Tafla 4. <i>Niðurdæling í einstaka holur</i> .....	10
Tafla 5. <i>Heildar niðurdæling</i> .....	10
Tafla 6. <i>Heildarvinnsla úr einstöku holum í milljónum tonna við 5,5 bar skiljuþrýsting</i> .....	11
Tafla 7. <i>Niðurdráttur og vinnsla</i> .....	14
Tafla 8. <i>Niðurdráttur og þrýstingur á 700 m og 1000 m dýpi í holu 7</i> .....	15
Tafla 9. <i>Niðurdráttur og þrýstingur á 900 m dýpi í holu 12</i> .....	15

## MYNDIR

Mynd 1. <i>Vinnsla úr jarðhitasvæðinu árið 2002. Holur 7–17</i> .....	17
Mynd 2. <i>Vinnsla úr jarðhitasvæðinu árið 2002. Holur 14–20</i> .....	18
Mynd 3. <i>Holutoppþrýstingur árið 2002. Holur 7–11</i> .....	19
Mynd 4. <i>Holutoppþrýstingur árið 2002. Holur 14–20</i> .....	20
Mynd 5. <i>Heildarvinnsla árið 2002</i> .....	21
Mynd 6. <i>Heildarvinnsla og vatnsborð 1976–2002</i> .....	22
Mynd 7. <i>Vatnsborðslækkun 1976–2002</i> .....	23
Mynd 8. <i>Meðalvinnsla og þrýstilækkun 1976–2002</i> .....	24
Mynd 9. <i>Vatnsborðslækkun á Reykjanesi</i> .....	25



## 1. INNGANGUR

Skýrsla þessi er unnin af Verkfræðistofunni Vatnaskilum fyrir Orkustofnun vegna Hitaveitu Suðurnesja. Efni skýrslunnar er úrvinnsla gagna um vinnslu og niðurdrátt í jarðhitasvæðinu í Svartsengi árið 2002. Þetta er þriðja skýrslan í röðinni sem gefin er út fyrir almanaksárið en áður var úrvinnsla gagna miðuð við 1. júlí ár hvert. Á tímabilinu 1. janúar 2000 til byrjunar apríl 2000 voru öll gögn eingöngu handskráð í mælibækur en frá og með apríl 2000 eru allar mælingar síritaðar og færðar sjálfkrafa inn á sértaka heimasíðu sem er í umsjón Orkustofnunar. Allar mælingar frá upphafi eru í Excel skrá þar sem allir útreikningar eru framkvæmdir og myndir birtar. Excel-skráin fylgir með á geisladiski. Eins og fram hefur komið í fyrri vinnslueftirlitsskýrslum þá reiknaði vinnslueftirlitsforritið massastreymi borholna á eftirfarandi hátt:

$$Q = e^c P_o^x \cdot \frac{\pi d^2}{4}$$

þar sem:

$P_o$  : holutoppsþrýstingur

$d$  : þvermál blendu

og  $e = 2,718$  og  $\pi = 3,142$ . Stuðlarnir  $c$  og  $x$  eru ákvarðaðir útfrá vermi borholna með útreikningum á tvífasa blendurennslu.

Þessir stuðlar hafa breyst öðru hverju og eru þeir gefnir í töflu 1 fyrir einstakar holur ásamt dagsetningu þegar þeir hafa breyst. Eftir að sískráning hefst í byrjun apríl 2000 er blendustærð ekki lengur föst og hægt er að breyta blenduopnun með loka. Í meðfylgjandi Excel skrá er gefin líking til útreikninga á jafngildi blendustærðar sem svarar til ákveðinnar opunar og síðan gildir ofangreind jafna fyrir massastreymi sem fall af blendustærðinni.

## 2. VINNSLA ÚR JARÐHITASVÆÐINU

Talsvert af gögnum vantar í skrárnar fyrir blendustærð, opnun og þrýsting, en í viðauka er sýnt yfirlit yfir þau tímabil þar sem gögn vantar um þrýsting. Einnig er gefið í töflunni áætluð gildi sem notuð eru í staðinn. Í töflunni er auk þess yfirlit sem sýnir hvernær einstaka holur var lokað. Í töflunni er ekki getið þeirra tímabila þar sem vantar mælingar á opnun en kemur oft fyrir að þau gögn vanti og er þá stuðst við daglegar mælingar vélstjóra í Svartsengi á opnun. Vinnsla úr einstökum holum á jarðhitasvæðinu á árinu 2002 er sýnd á myndum 1 og 2 og í töflu 2 frá upphafi vinnslu. Holutoppsþrýstingur fyrir sama tímabil er sýndur á myndum 3 og 4. Heildarvinnsla fyrir tímabilið er sýnd á mynd 5 og í töflu 3 er hún tekin saman frá upphafi vinnslu í Svartsengi. Niðurdæling í einstakar holur er sýnd í töflu 4 og heildarniðurdæling í jarðhitasvæðið í töflu 5 og byggja þær tölur á mælingum vélstjóra í Svartsengi.

**Tafla 1. Holustuðlar**

Hola	Dags.	c	x
SG-7	700101	5.63289	1.12024
	800301	5.63786	1.13788
	831001	5.63289	1.12024
	880701	5.63355	1.12640
	980701	5.57158	1.08284
SG-8	700101	5.63289	1.12024
	830301	5.63786	1.13788
	831001	5.63289	1.12024
	880701	5.63355	1.12640
SG-9	700101	5.63289	1.12024
	830301	5.63786	1.13788
	831001	5.63289	1.12024
	880701	5.63289	1.12024
SG-10	700101	4.95706	1.00726
	840101	4.68591	1.00035
	840601	4.69526	0.99986
	880701	4.69455	0.99478
	910701	4.93547	1.00000
SG-11	700101	5.63289	1.12024
	830301	5.64123	1.15785
	831001	5.63289	1.12024
	880701	5.63355	1.12640
	980701	5.57402	1.08233
SG-12	880101	5.63289	1.12024
	880701	5.68134	1.15981
	980701	5.66121	1.12504
SG-14	961001	4.93547	1.00000
SG-16	991101	4.93547	1
SG-18	990901	5.57158	1.08284
SG-19	991101	5.57158	1.08284
SG-20	010316	4.93547	1.00000

**Tafla 2.** *Vinnsla úr jarðhitaholum.*

Vinnsla, millj. tonn																	
Ár	SG-03	SG-04	SG-05	SG-06	SG-07	SG-08	SG-09	SG-10	SG-11	SG-12	SG-14	SG-15	SG-16	SG-18	SG-19	SG-20	Samtals
1976		0,36															0,36
1977	0,49	0,72															1,21
1978	1,35	0,97															2,32
1979	0,61	0,17	1,01	0,45													2,24
1980	1,38		1,08	1,22				0,04									3,72
1981	0,03		1,37	0,22	0,58	1,86	1,28	0,46	1,32								7,12
1982			0,18	0,47	1,71	1,58	1,64	0,48	1,68								7,73
1983				0,91	1,37	1,49	1,45	0,58	1,67								7,47
1984				1,35	1,74	1,63	1,73	0,39	1,42								8,25
1985			0,64	1,27	1,62	1,53	1,60	0,23	1,60								8,49
1986			1,81	1,32	1,76	1,56	1,71	0,12	1,69								9,97
1987			1,46	1,07	1,69	1,53	1,72	0,14	1,70								9,31
1988			0,83	1,25	1,72	1,55	1,72	0,15	1,75	0,53							9,49
1989				1,02	1,77	1,80	1,49	0,15	1,65	1,59							9,46
1990				0,86	1,87	1,81	1,71	0,20	1,40	1,45							9,30
1991				0,07	1,87	1,74	1,81	0,50	1,13	1,03							8,15
1992					1,49	1,44	1,36	0,75	1,22	0,94							7,21
1993					1,53	1,40	1,24	0,79	1,42	0,91							7,29
1994					1,55	1,22	1,34	0,83	1,66	0,95							7,53
1995					1,61	1,47	1,62	0,87	1,62	0,99							8,18
1996					1,32	1,46	1,41	0,78	1,64	0,93	0,11						7,65
1997					1,19	1,55	1,50	0,68	1,54	0,95	0,23						7,63
1998					0,99	1,54	1,43	0,85	1,54	0,46	0,16						6,98
1999					1,42	1,49	1,58	0,84	1,45	0,34	0,26		0,17	0,38	0,25		8,17
2000					1,50	1,61	1,75	1,20	1,53	0,07	0,32		1,27	1,42	1,51		12,18
2001					1,60	1,61	1,60	0,98	2,53		0,31		1,32	1,24	1,23	0,35	12,77
2002					1,38	1,43	1,50	0,85	2,46		0,30		1,34	1,06	1,01	0,73	12,06

**Tafla 3.** *Vinnsla úr jarðhitasvæðinu.*

Heildarvinnsla				
		Vinnsla,	í árslok,	Meðalvinnsla,
	Ár	millj.tonn	millj.tonn	kg/s
31.12.1976	1976	0,36	0,36	11,45
31.12.1977	1977	1,21	1,57	38,35
31.12.1978	1978	2,32	3,89	73,48
31.12.1979	1979	2,24	6,13	71,03
31.12.1980	1980	3,72	9,85	118,00
31.12.1981	1981	7,12	16,97	225,67
31.12.1982	1982	7,73	24,69	245,04
31.12.1983	1983	7,47	32,16	236,74
31.12.1984	1984	8,25	40,41	261,73
31.12.1985	1985	8,49	48,90	269,22
31.12.1986	1986	9,97	58,87	316,01
31.12.1987	1987	9,31	68,18	295,12
31.12.1988	1988	9,49	77,66	300,85
31.12.1989	1989	9,46	87,12	299,89
31.12.1990	1990	9,30	96,42	294,84
31.12.1991	1991	8,15	104,57	258,38
31.12.1992	1992	7,21	111,77	228,50
31.12.1993	1993	7,29	119,06	231,01
31.12.1994	1994	7,53	126,59	238,90
31.12.1995	1995	8,18	134,77	259,25
31.12.1996	1996	7,65	142,42	242,52
31.12.1997	1997	7,63	150,05	242,09
31.12.1998	1998	6,98	157,03	221,29
31.12.1999	1999	8,17	165,20	258,96
31.12.2000	2000	12,18	177,38	386,33
31.12.2001	2001	12,77	190,15	405,02
31.12.2002	2002	12,06	202,21	382,35

**Tafla 4.** *Niðurdæling í einstaka holur.*

Ár	SG-05	SG-06	SG-12	SG-17	Samtals
1984			0,32		0,32
1985			0,94		0,94
1986			1,73		1,73
1987			1,36		1,36
1988	0,39		0,60		0,99
1989	0,45				0,45
1990	0,67				0,67
1991					0,00
1992					0,00
1993		0,22			0,22
1994		0,53			0,53
1995					0,00
1996		0,07			0,07
1997					0,00
1998		0,72			0,72
1999		0,69			0,69
2000					0,00
2001				0,76	0,76
2002				1,72	1,72

**Tafla 5.** *Heildar niðurdæling.*

Heildardæling			
	Niðurdæling,	í árslok,	Meðaldæling,
Ár	millj.tonn	millj.tonn	kg/s
1984	0,32	0,32	10,24
1985	0,94	1,26	29,66
1986	1,73	2,99	54,94
1987	1,36	4,35	43,08
1988	0,99	5,34	31,45
1989	0,45	5,79	14,26
1990	0,67	6,46	21,12
1991	0,00	6,46	0,00
1992	0,00	6,46	0,00
1993	0,22	6,68	6,91
1994	0,53	7,21	16,85
1995	0,00	7,21	0,00
1996	0,07	7,27	2,07
1997	0,00	7,27	0,00
1998	0,72	7,99	22,81
1999	0,69	8,68	21,99
2000	0,00	8,68	0,00
2001	0,76	9,45	24,22
2002	1,72	11,16	54,41

**Tafla 6.** Heildarvinnsla úr einstöku holum í milljónum tonna við 5,5 bar skiljuþrýsting.

	SG-07		SG-08		SG-09		SG-10		SG-11		SG-12		SG-14		SG-16		SG-18		SG-19		SG-20	
	0,182								0,182		0,159											
Gufuhlutfall	0,231		0,182		0,182		1,000		0,231		0,169		1,000		1,000		0,182		0,182		1,000	
Tímabil	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa	Vatn	Gufa
1976-1991	14,50	3,24	15,20	3,38	14,80	3,29	1,17	2,26	14,00	3,11	4,03	0,76	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
1992	1,22	0,27	1,18	0,26	1,11	0,25	0,00	0,75	1,00	0,22	0,79	0,15	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
1993	1,25	0,28	1,14	0,25	1,02	0,23	0,00	0,79	1,16	0,26	0,76	0,14	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
1994	1,26	0,28	1,00	0,22	1,09	0,24	0,00	0,83	1,36	0,30	0,80	0,15	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
1995	1,32	0,29	1,20	0,27	1,33	0,30	0,00	0,87	1,32	0,29	0,83	0,16	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
1996	1,08	0,24	1,19	0,27	1,15	0,26	0,00	0,78	1,35	0,30	0,78	0,15	0,00	0,11	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
1997	0,92	0,28	1,26	0,28	1,22	0,27	0,00	0,68	1,19	0,36	0,79	0,16	0,00	0,23	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
1998	0,76	0,23	1,26	0,28	1,17	0,26	0,00	0,85	1,18	0,36	0,38	0,08	0,00	0,16	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
1999	1,09	0,33	1,22	0,27	1,29	0,29	0,00	0,84	1,11	0,33	0,28	0,06	0,00	0,26	0,00	0,17	0,31	0,07	0,20	0,05	0,00	0,00
2000	1,16	0,35	1,31	0,29	1,43	0,32	0,00	1,20	1,18	0,35	0,06	0,01	0,00	0,32	0,00	1,27	1,16	0,26	1,24	0,28	0,00	0,00
2001	1,23	0,37	1,32	0,29	1,31	0,29	0,00	0,98	1,95	0,58	0,00	0,00	0,00	0,31	0,00	1,32	1,01	0,23	1,00	0,22	0,00	0,35
2002	1,06	0,32	1,17	0,26	1,23	0,27	0,00	0,85	1,89	0,57	0,00	0,00	0,00	0,30	0,00	1,34	0,86	0,19	0,82	0,18	0,00	0,73
Samtals	26,85	6,47	28,46	6,33	28,16	6,26	1,17	11,66	28,69	7,04	9,51	1,82	0,00	1,70	0,00	4,10	3,35	0,75	3,27	0,73	0,00	1,07

Eins og sést af töflunum hefur rúmlega 11 milljónum tonna verið dælt niður í jarðhitasvæðið en vinnsla er rúmlega 200 milljón tonn. Meðalvinnsla hefur undanfarin tvö ár verið tæplega 400 kg/s og síðastliðið ár var hún um 380 kg/s. Hér er um verulega aukningu að ræða og mun meiri en kannað hefur verið áður með líkanreikningum. Gufu- og vatnsstreymi einstakra holna er síðan sýnt í töflu 6 miðað við 5,5 bar skiljuþrýsting.

### 3. VATNSBORÐSMÆLINGAR

Þegar vatnsborðsmælingar í holu 4 trufluðust vegna suðu í holunni var þeim hætt og þrýstimælingar notaðar til að meta þrýstilækkun á svæðinu. Í því skyni hefur þrýstingur á 700 m og 1000 m dýpi í holu 7 verið notaður. Frá og með október 1999 var erfiðleikum bundið að koma þrýstimæli í holu 7 og er þrýstingur frá og með þeim tíma mældur í holu 12. Mældur niðurdráttur og heildarvinnsla úr jarðhitasvæðinu frá upphafi eru sýnd á mynd 6. Tafla 7 sýnir niðurdrátt og vinnslu þau ár þegar vatnsborðsmælingar í holu 4 gáfu rétta mynd af niðurdrættinum.

Niðurdráttur reiknaður út frá þrýstimælingum er sýndur á mynd 6 og í töflu 8 fyrir holu 7 og í töflu 9 fyrir holu 12. Eins og taflan sýnir er niðurdráttur í lok ársins rúmlega 313 m.

**Tafla 7.** Niðurdráttur og vinnsla.

Ár	Meðalvinnsla kg/s	Niðurdráttur á árinu m	Mældur niður- dráttur í árslok m
1976	26,4	2,4	2,4
1977	33,9	9,2	11,6
1978	51,7	8,4	20,0
1979	101,2	10,0	30,0
1980	136,0	17,0	47,0
1981	237,2	35,4	82,4
1982	240,4	16,3	98,7
1983	241,0	19,8	118,5
1984	249,8	16,1	134,6
1985	245,8	13,4	148,0

**Tafla 8.** Niðurdráttur og þrýstingur á 700 m og 1000 m dýpi í holu 7.

Dagsetn.	Þrýstingur bar	Niður- dráttur m
79.10.28	54,04	27,0
79.11.02	53,45	33,1
79.11.23	53,84	29,1
80.01.29	54,33	24,0
80.03.04	53,64	31,1
80.10.08	51,98	48,1
82.03.15	47,37	95,5
83.05.04	45,60	113,6
84.04.30	44,03	129,7
85.04.22	43,84	131,8
86.06.03	41,49	155,8
87.04.29	41,20	158,9
87.06.03	41,50	155,7
88.10.22	40,22	168,9
89.02.14	39,5	176,3
89.97.18	37,93	192,4
90.02.05	37,84	193,3
90.07.04	37,2	199,9
90.11.15	36,98	202,1
91.03.14	36,78	204,2
91.12.10	36,18	210,3
92.03.19	36,48	207,3
92.06.11	36,58	206,2
92.09.01	36,08	211,4
92.12.21	34,10	222,7
93.06.29	35,30	210,3
93.10.08	35,30	210,3
94.11.14	60,5*	207,6
94.12.28	60,9*	203,5
95.04.27	59,7*	216,8
95.06.03	60,1*	211,7
95.11.10	60,1*	211,7
95.12.19	59,4*	218,9
96.04.02	59,0*	223,0
96.06.13	58,2*	231,0
96.09.26	58,8*	225,0
97.03.05	57,6*	237,3
97.03.05	58,4*	229,1
97.06.26	57,6*	237,3
97.09.20	57,2*	241,7
97.12.18	57,2*	241,7
98.03.31	56,7*	246,5
98.06.10	56,99*	243,6
98.07.07	56,99*	243,6
98.10.15	57,04*	243,1
98.12.28	56,66*	247,0
99.03.18	56,63*	247,3
99.09.28	56,07*	253,0

\* þrýstingur á 1000 m dýpi


**Tafla 9.** Niðurdráttur og þrýstingur á 900 m dýpi í holu 12.

	Þrýstingur bar	Niðurdráttur m
99.09.30	48,81	
99.12.29	47,73	264,1
00.03.02	46,31	278,7
00.03.30	46,65	275,2
00.05.31	46,64	275,3
00.12.28	44,74	294,8
01.11.02	43,93	303,1
02.02.26	44,03	302,1
02.08.15	44,59	296,4
02.12.19	42,94	313,3


#### 4. REIKNILÍKAN

Áhrifum vaxandi niðurdráttar og niðurdælingar á vinnslu úr jarðhitasvæðinu er lýst í skýrslu sem Verkfræðistofan Vatnaskil vann fyrir Orkustofnun vegna Hitaveitu Suðurnesja (Svartsengi, Reiknilíkan af jarðhitakerfi, OS-89031/JHD-05, ágúst 1989). Í skýrslunni er gerð grein fyrir reiknilíkani, sem líkir eftir vatnsborðslækkuninni og hefur niðurstöðum þess borið vel saman við mælingar. Í ofangreindri skýrslu kom einnig fram að reiknaðri þrýstilækkun í Eldvörpum ber mjög vel saman við mælingar þar. Þannig lækkar þrýstingur í Eldvörpum jafnt og þétt með vinnslu í Svartsengi. Hins vegar sýna þrýstimælingar á Reykjanesi að lítillar þrýstilækkunar gæti þar þrátt fyrir mikla vinnslu úr svæðinu sjálfu og vinnslu í Svartsengi. Samanburður á niðurstöðum reiknilíkans og mælingum í Svartsengi er sýndur á mynd 7. Nýjustu þrýstimælingar í holu 7 sýna heldur meiri niðurdrátt en reiknast. Ástæða fyrir minni reiknuðum niðurdrætti má sjá á mynd 8, sem sýnir meðalvinnslu og þrýstilækkun. Þar sést að verulega dregur úr meðalvinnslu frá árinu 1996 og er reiknaður niðurdráttur í samræmi við það. Þrýstimælingar í holu 12 eru hinsvegar í samræmi við líkanreikninga eins og sést af myndum 7 og 8. Mynd 9 sýnir vatnsborðslækkun í Svartsengi, Eldvörpum og Reykjanesi til ársins 2010 ef gert er ráð fyrir sömu vinnslu og var í Svartsengi og Reykjanesi árið 2002. Nýjustu þrýstimælingar í Eldvörpum sýna ef til vill of mikla þrýstilækkun og er ástæða til að endurskoða reiknilíkanið með tilliti til lektar á milli Eldvarpa og Svartsengis.






**Mynd 1.** Vinnsla úr jarðhitasvæðinu árið 2002. Holur 7–17.




**Mynd 2.** Vinnsla úr jarðhitasvæðinu árið 2002. Holur 14–20.




**Mynd 3.** Holutoppþrýstingur árið 2002. Hóla 7–11.




**Mynd 4.** Holutoppþrýstingur árið 2002. Holur 14–20.




**Mynd 5.** Heildarvinnsla árið 2002.



**Mynd 6.** Heildarvinnsla og vatnsborð 1976–2002.




Mynd 7. Vatnsborðslækkun 1976–2002.



Mynd 8. Meðalvinnsla og þrýstilækkun 1976–2002.





**Mynd 9.** Vatnsborðslækkun á Reykjanesi.

## VIÐAUKI

Skrá yfir eyður í vinnsluholum

	Meðalbrýstingur, bar					
	Vantar gögn			Holu lokað		
Hola	frá	til	gildi	frá	til	gildi
SG-07	15-feb	13-mar	26	2-sep	13-sep	11
	26-mar	16-jún	82			
	24-júl	1-sep	39			
	14-sep	23-sep	9			
	11-nóv	14-des	33			
	29-des	31-des	2			
SG-08	7-sep	11-sep	4			
	29-des	31-des	2			
SG-09	4-jan	7-jan	3			
	24-mar	28-ágú	157			
	9-sep	13-sep	4			
	29-des	31-des	2			
SG-10	11-maí	20-maí	9	21-maí	30-maí	9
	21-jún	31-des	193			
SG-11	24-ágú	2-sep	9	3-sep	23-sep	20
	6-sep	21-sep	15			
	24-sep	15-nóv	52			
	29-des	31-des	2			
SG-14	11-maí	1-jún	21			
	29-des	31-des	2			
SG-16	10-maí	20-maí	10	22-maí	30-maí	8
	29-des	31-des	2			
SG-18	29-des	31-des	2			
SG-19	29-des	31-des	2			
SG-20	4-jan	11-feb	38	27-maí	28-maí	1
	20-feb	3-apr	42			
	11-maí	14-maí	3			
	11-jún	7-okt	118			
	29-des	31-des	2			

# REYKJANES

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	29
2. VINNSLA ÚR JARÐHITASVÆÐINU .....	29
VIÐAUKI: Skrá yfir eyður í vinnsluholum.....	35

## TÖFLUR

Tafla 1. <i>Vinnsla úr jarðhitasvæðinu</i> .....	30
--	----

## MYNDIR

Mynd 1. <i>Vinnsla úr holu 9</i> .....	31
Mynd 2. <i>Holutoppsprýstingur í holu 9</i> .....	32
Mynd 3. <i>Vinnsla úr holu 9 árið 2002</i> .....	33
Mynd 4. <i>Holutoppsprýstingur í holu 9 árið 2002</i> .....	34



## **1. INNGANGUR**


Eftirfarandi skýrsla er unnin af Verkfræðistofunni Vatnaskilum fyrir Orkustofnun vegna Hitaveitu Suðurnesja. Efni skýrslunnar er úrvinnsla gagna um vinnslu og niðurdrátt í jarðhitasvæðinu á Reykjanesi fyrir árið 2002. Allar mælingar eru færðar í Excel skrá þar sem allir útreikningar eru framkvæmdir og myndir birtar. Excelskráin fylgir með á disk.

## **2. VINNSLA ÚR JARÐHITASVÆÐINU**


Frá maí 1994 hefur verið 53,5 mm blenda í holu RN-09 og krítískt þrýstifall verið yfir blenduna. Hún hefur verið með rúmlega 40 bara holutoppsþrýsting og um 30 kg/s rennsli. Þann 25. ágúst 1999 var blenda stækkuð í 70 mm en síðan minnkuð aftur 22. ágúst árið 2000 í 52 mm. Í febrúar 2001 kvartar saltverksmiðjan undan gufuskorti og er þá blenda stækkuð í 65 mm þann 22. febrúar og síðan aftur 28. febrúar í 75 mm. Holutoppsþrýstingur við 65 mm blendu var 33 bar og 27 bar við 75 mm blendu. Vinnsla úr holunni frá upphafi er sýnd á mynd 1 og þrýstingur á mynd 2. Vinnsla úr holunni er sýnd á mynd 3 fyrir árið 2002. Holutoppsþrýstingur er sýndur fyrir sama tímabil á mynd 4. Heildarvinnsla úr svæðinu er sýnd í töflu 1. Lítil þrýstilækkun hefur verið mæld á Reykjanesi þrátt fyrir að tekin hafa verið tæplega 50 milljón tonn úr svæðinu.

**Tafla 1.** *Vinnsla úr jarðhitasvæðinu*

	Vinnsla,	Vinnsla,	Vinnsla,	Heildarvinnsla	
	millj.tonn	millj.tonn	millj.tonn	í árslok,	Meðalvinnsla,
Ár	RN-08	RN-09	Samtals	millj.tonn	kg/s
1970	0,31		0,31	0,31	9,97
1971	1,62		1,62	1,94	51,42
1972	1,60		1,60	3,54	50,73
1973	1,58		1,58	5,12	50,08
1974	1,12		1,12	6,23	35,50
1975			0,00	6,23	0,00
1976			0,00	6,23	0,00
1977	0,50		0,50	6,74	15,88
1978	1,13		1,13	7,87	35,84
1979	1,52		1,52	9,38	48,11
1980	2,58		2,58	11,96	81,67
1981	0,51		0,51	12,47	16,12
1982	1,27		1,27	13,74	40,38
1983	1,14	0,31	1,44	15,18	45,80
1984	1,80	0,88	2,68	17,87	85,06
1985	1,71	0,92	2,63	20,49	83,26
1986	1,86	0,93	2,78	23,28	88,26
1987	0,68	1,78	2,46	25,74	78,03
1988		2,14	2,14	27,87	67,73
1989		2,04	2,04	29,91	64,65
1990		2,04	2,04	31,95	64,65
1991		1,79	1,79	33,74	56,62
1992		1,87	1,87	35,61	59,32
1993		2,41	2,41	38,02	76,51
1994		1,57	1,57	39,59	49,74
1995		0,90	0,90	40,49	28,66
1996		0,99	0,99	41,48	31,30
1997		0,94	0,94	42,42	29,85
1998		0,95	0,95	43,37	30,24
1999		1,10	1,10	44,48	34,93
2000		1,83	1,83	46,31	58,10
2001		1,15	1,15	47,46	36,58
2002		1,04	1,04	48,50	32,84




**Mynd 1.** *Vinnsla úr holu 9.*




**Mynd 2.** Holutoppsprýstingur í holu 9.





**Mynd 3.** *Vinnsla úr holu 9 árið 2002.*



**Mynd 4.** Holutoppsprýstingur í holu 9 árið 2002.

## VIÐAUKI

Skrá yfir eyður í vinnsluholum.

	Meðalþrýstingur, bar					
	Vantar gögn			Holu lokað		
Hola	frá	til	gildi	frá	til	gildi
RN-9	1-jan	21-jan	20	24-maí	31-maí	7
	1-jún	22-ágú	82	23-júl	15-ágú	23
	18-nóv	25-nóv	7			
	30-des	31-des	1			



## **II. HLUTI**

### **Svartsengi – Reykjanes**

**Hita- og þrýstimælingar 1995–2002**

**Rannsóknasvið Orkustofnunar**

**Grímur Björnsson**

**Arnar Hjartarson**

**Peter E. Danielsen**



## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	43
2. YFIRLIT UM BORHOLUR Í SVARTSENGI.....	44
3. BORHOLUMÆLINGAR Í SVARTSENGI OG ELDVÖRPUM.....	45
4. KALKÚTFELLINGAR Í HOLUM .....	50
5. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA .....	51
6. HEIMILDIR .....	54
VIÐAUKI 1: Yfirlit um borholumælingar gerðar milli 1995 og 2002 .....	55
VIÐAUKI 2: Hita- og þrýstimælingar í Svartengi .....	58
VIÐAUKI 3: Hita- og þrýstimælingar í Eldvörpum .....	91

## TÖFLUR

Tafla 1: <i>Upplýsingar um borholur í Svartsengi.</i> .....	44
Tafla 2: <i>Yfirlit um sögu kalkútfellinga í holu SG-8 milli 1995 og 2002.</i> .....	50

## MYNDIR

Mynd 1: <i>Saga þrýstings á 900 m dýpi í Svartsengi og Eldvörpum frá 1979 til 2002.</i> ...	45
Mynd 2: <i>Saga þrýstings á 900 m dýpi í Svartsengi og Eldvörpum frá 1993 til 2002.</i> ...	46
Mynd 3: <i>Saga þrýstings á 900 m dýpi í Svartsengi hermd með 3. gráðu margliðu auk þrýstisögu á sama dýpi í Eldvörpum.</i> .....	46
Mynd 4: <i>Dagsmeðaltöl toppþrýstings í Svartsengi frá 2000 til 2003.</i> .....	48
Mynd 5: <i>Saga hita á 900 m dýpi í Svartsengi frá 1979 til 2002.</i> .....	49
Mynd 6: <i>Saga hita á 900 m dýpi í Svartsengi frá 1993 til 2002.</i> .....	49
Mynd 7: <i>Yfirlit um hreinsiboranir í Svartsengi.</i> .....	51
Mynd 8: <i>Hitamælingar í holu 1.</i> .....	58
Mynd 9: <i>Hitamælingar í holu SG-4.</i> .....	59
Mynd 10: <i>Þrýstimælingar í holu SG-4.</i> .....	60
Mynd 11: <i>Hiti í holu SG-6. Mæling frá 1998 fylgir suðuferli sem hefst á 320 m.</i> .....	61
Mynd 12: <i>Þrýstingur í holu SG-6. Suðuferill hefst í 260 m.</i> .....	61
Mynd 13: <i>Eftirlit með þrýstingi á loftröri holu SG-6 árabilið 2000-2003.</i> .....	62
Mynd 14: <i>Hitamælingar í holu SG-7.</i> .....	63

Mynd 15: <i>Prýstimælingar í holu SG-7.</i> .....	64
Mynd 16: <i>Eftirlit með toppþrýstingi og lokastöðu holu SG-7 árabilið 2000–2003.</i> .....	65
Mynd 17: <i>Hitamælingar í holu SG-8.</i> .....	66
Mynd 18: <i>Prýstimælingar í holu SG-8.</i> .....	67
Mynd 19: <i>Eftirlit með toppþrýstingi og lokastöðu holu SG-8 árabilið 2000–2003.</i> .....	68
Mynd 20: <i>Hitamælingar í holu SG-9.</i> .....	69
Mynd 21: <i>Prýstimælingar í holu SG-9.</i> .....	69
Mynd 22: <i>Eftirlit með toppþrýstingi SG-9 árabilið 2000–2003.</i> .....	70
Mynd 23: <i>Eftirlit með toppþrýstingi og Ellaloka holu SG-9 árabilið 2000–2003.</i> .....	71
Mynd 24: <i>Hitamælingar í holu SG-11.</i> .....	72
Mynd 25: <i>Prýstimælingar í holu SG-11.</i> .....	73
Mynd 26: <i>Eftirlit með toppþrýstingi SG-9 árabilið 2000–2003.</i> .....	73
Mynd 27: <i>Hitamælingar í holu SG-12.</i> .....	75
Mynd 28: <i>Hitamælingar í holu SG-12.</i> .....	75
Mynd 29: <i>Prýstimælingar í holu SG-12.</i> .....	76
Mynd 30: <i>Eftirlit með toppþrýstingi SG-9 árabilið 2000–2003.</i> .....	76
Mynd 31: <i>Hitamælingar í holu SV-14.</i> .....	77
Mynd 32: <i>Prýstimælingar í holu SV-14.</i> .....	78
Mynd 33: <i>Eftirlit með toppþrýstingi holu SV-14 árabilið 2000–2003.</i> .....	78
Mynd 34: <i>Hitamælingar í holu HSH-15.</i> .....	79
Mynd 35: <i>Prýstimælingar í holu HSH-15.</i> .....	80
Mynd 36: <i>Eftirlit með toppþrýstingi holu SV-15 árabilið 2000–2003.</i> .....	80
Mynd 37: <i>Hitamælingar í holu SV-16.</i> .....	81
Mynd 38: <i>Prýstimælingar í holu SV-16.</i> .....	82
Mynd 39: <i>Eftirlit með toppþrýstingi og stöðu Ellaloka holu SV-16 árabilið 2000–2003.</i> .....	82
Mynd 40: <i>Hitamælingar í holu SV-17.</i> .....	83
Mynd 41: <i>Prýstimælingar í holu SV-17.</i> .....	84
Mynd 42: <i>Hitamælingar í holu SV-18.</i> .....	85
Mynd 43: <i>Prýstimælingar í holu SV-18.</i> .....	85
Mynd 44: <i>Eftirlit með toppþrýstingi og stöðu Ellaloka holu SV-17 árabilið 2000–2003.</i> .....	86
Mynd 45: <i>Hitamælingar í holu SV-19.</i> .....	87
Mynd 46: <i>Prýstimælingar í holu SV-19.</i> .....	87



Mynd 47: <i>Eftirlit með toppþrýstingi og stöðu Ellaloka holu SV-17 árabilið 2000–2003.</i> .....	88
Mynd 48: <i>Þrýstimælingar í holu SV-20.</i> .....	89
Mynd 49: <i>Eftirlit með toppþrýstingi holu SV-17 árabilið 2000–2003.</i> .....	89
Mynd 50: <i>Hitamælingar í holu SV-21.</i> .....	90
Mynd 51: <i>Þrýstimælingar í holu SV-21.</i> .....	90
Mynd 52: <i>Hitamælingar í holu EV-02.</i> .....	91
Mynd 53: <i>Þrýstimælingar í holu EV-02.</i> .....	92



## 1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um hita- og þrýstimælingar sem Rannsóknasvið Orkustofnunar gerði í borholum í Svartsengi og í Eldvörpum árabilið 1995 til 2002. Einnig er gerð grein fyrir mælingum á toppþrýstingi og stöðu holuloka sem sjálfvirkur söfnunarbúnaður hefur skráð á mínútu fresti frá því í upphafi árs 2000. Bæði verkin eru unnin fyrir Hitaveitu Suðurnesja sem liður í vinnslueftirliti með þessum tveimur svæðum.

Síðasta vinnslueftirlitsskýrsla fyrir Svartsengi og Eldvörp kom út árið 1996 og var í henni greint frá mælingum sem gerðar voru á árinu 1995 (Grímur Björnsson o.fl., 1996). Síðan þá hefur mikið vatn runnið upp úr holum. Sex nýjar holur voru boraðar í Svartsengi milli 1997 og 2001 og Orkuver 5 gangsett síðla árs 1999. Fyrst kom holur 16–19 árið 1998, boraðar af Jötni. Er hola 16 boruð í gufupúðann. Hola 17 er miðja vegu milli Svartsengis og Eldvarpa og er nýtt til niðurdælingar. Loks eru holur 18 og 19 djúpar sjóholur í Svartsengi. Síðla árs 2000 og fram í mars 2001 borar Sleipnir holu 20 í gufupúðann og Jötunn holu 21 vestast í vinnslusvæði Svartsengis. Skilað hefur verið lokaskýrslum um holur 17 og 18 (Hjalti Franzson o.fl. 1999; Bjarni Richter o.fl., 1999) auk greinargerða um forsendur og hönnun holnanna (Sverrir Þórhallsson o.fl., 1997; Hjalti Franzson o.fl., 1999 og 2000; Ásgrímur Guðmundsson o.fl., 2000).

Þá réðist Hitaveita Suðurnesja í að láta sérsníða skilju til nákvæmra afkastamælinga á borholum sínum. Er það mikill gripur, láréttur en hefur sökum lögunar sinnar hlotið það virðulega nafn “hlandflaskan” manna í millum. Verður svo í þessari skýrslu. Skiljunni var fyrst beitt árin 1996 og 1997 og þá afkastamældar allar blautu holurnar í Svartsengi auk holu 2 í Eldvörpum (Grímur Björnsson o.fl., 1998). Holur 17, 18 og 19 voru einnig aflmældar með skiljunni, meðan hola 16 var eingöngu prófuð með 8” krítískum stút og hola 20 með 6” krítískum stút. Frá þessum mælingum hefur verið greint að hluta í lokaskýrslum. Þá var og athugað hvernig meta mætti ásættanlega gæfni æða í holum meðan verið er að bora (Grímur Björnsson, 1998). Loks var unnið einfalt reiknilíkan af gufupúðanum í Svartsengi og það haft til samanburðar þegar kom til þess að ákveða hönnun og byggingu Orkuvers 5 (Grímur Björnsson, 1998).

Í lok febrúar 2000 varð vinnslusvæðinu í Svartsengi síðan bumbult af hröðum niðurdrætti sem þá hlaust af gangsetningu Orkuvers 5. Hófst þá nákvæmnisskráning á toppþrýstingi allra holnanna í Svartsengi, svo og skráning á stöðu sumra Ellalokanna sem stjórnar upptekt úr hverri holu. Þessi búnaður skilar skráningum með mínútu millibili inn á vefinn og má skoða þar ([www.os.is/eftirlit](http://www.os.is/eftirlit)).

Þessi skýrsla er þannig upp sett að í megin-texta er fjallað um borsvæðið í Svartsengi og Eldvörpum sem heild, en sérlýsingar fyrir hverja holu færðar í viðauka. Í megin-textanum er áherslan lögð á tímaraðir hita og þrýstings auk þess að fjallað er um breytingar á toppþrýstingi holna með tímanum. Í niðurstöðukafla eru svo reifuð atriði eins og almenn heilsa dýpri og grynnri hluta jarðhitakerfisins í Svartsengi svo og tillögugerð um smáatriði sem kynnu að bæta vinnslueftirlitið.

## 2. YFIRLIT UM BORHOLUR Í SVARTSENGI

Í töflu 1 hér að neðan eru dregin saman helstu þættina í hönnun og ástandi borholna í Svartsengi. Hún er höfð hér til upprifjunar því ótrúlegt er hve auðvelt er að gleyma þessum einföldu staðreyndum. Gögnin að baki töflunni koma að stærstum hluta úr Oracle gagnagrunni Orkustofnunar, en einnig úr lokaskýrslum um borholur. Auk þess sem nýjar holur hafa bæst í sarpinn var árið 2000 steipt í holu 4, sökum þess að hún var fyrir Orkuveri 5.


**Tafla 1:** *Upplýsingar um borholur í Svartsengi.*

Nafn holu	Borlok (mán 'ár)	Bordýpi (m)	Síðasta mældýpi (m og ár)	Vinnsluf. Þvermál (")	Vinnsluf. Dýpi (m)	Leiðari Þvermál (")	Leiðari Lengd (m)	Nýting holu og athugas.
1	des. '71	262	*	10	*	*	*	Skolvatnshola
2	jan. '72	239	*	8	103	6	234	R, uppsteipt
3	feb. '72	402	*	8	145	*	*	R, uppsteipt
SG-4	maí '74	1713	570 '98	9 5/8	394	7 5/8	363-1665	V/R/Uppst.
SG-5	júní '74	1519	1171 '91	9 5/8	395	7 5/8	363-1464	V/N/V, uppst.
SG-6	apríl '78	1737	*	9 5/8	612	7	560-1730	V
SG-6	apríl '82	1998	752 '98	9 5/8	612	*	*	Dýpkuð, V/N/R
SG-7	sep. '79	1438	1342 '99	13 3/8	600	*	*	V
SG-8	jan. '80	1603	1550 '02	13 3/8	622	9 5/8	585-1595	V
SG-9	júní '80	994	926 '02	13 3/8	588	9 5/8	557-976	V
SG-10	feb. '80	425	417 '84	13 3/8	220	9 5/8	192-408	V
SG-11	júlí '80	1141	1094 '00	13 3/8	582	9 5/8	547-1130	V
SG-12	mars '82	1488	981 '02	13 3/8	606	*	*	V/N/V/R
SG-13	maí '81	60	*	*	*	*	*	Höggborshola
HSH-14	feb. '94	612	597 '95	9 5/8	195	7	185-612	V
HSH-15	des. '93	141	138 '99	8 5/8	100	*	*	R
SJ-16	júní '98	446	430 '98	13 3/8	246	9 5/8	211-430	V
SJ-17	maí '98	1260	1240 '02	13 3/8	789	9 5/8	789-1260	N
SJ-18	nóv. '98	1837	1760 '02	13 3/8	770	9 5/8	770-1830	V
SJ-19	ágúst '98	1600	1577 '02	13 3/8	715	9 5/8	682-1575	V
SV-20	des. '00	430	400 '01	13 3/8	245	*	*	V
SV-21	mars '01	1475	1467 '02					R

V=vinnsluhola, R=rannsóknahola, N=niðurdælingarhola


### 3. BORHOLUMÆLINGAR Í SVARTSENGI OG ELDVÖRPUM

Á myndum 1 til 6 eru teiknaðar með tíma sögur hita og þrýstings á 900 m dýpi undir sjávarmáli í Svartsengi svo og þrýstingur á toppi. Viðauki 1 gefur örstutt yfirlit um hverja mælingu. Myndir þessar eru grunnurinn að því að meta áhrif vinnslunnar á jarðhitageyminn og fóður í líkanreikninga af svæðinu. Mynd 1 sýnir alla þrýstisöguna í Svartsengi og í öllum holum milli 1979 og 2002. Segja má að þrýstiviðbrögðum svæðisins megi skipta í 3 tímabil. Það fyrsta er milli 1978 og 1990 og einkennist af hröðum niðurdrætti (~1,2 bör/ári) og má skoða sem dæmigerð viðbrögð vatnskerfis í einum fasa. Næsta tímáskeiðið er milli 1990 og 1999 og einkennist af mun hægari niðurdrætti en áður. Þetta er talið stafa af minnkaðri vinnslu og að suða í jarðhitakerfinu hefur aukið rýmd þess og þannig hægt á niðurdrætti. Þriðja tímáskeiðið hefst svo um áramótin 1999/2000 þegar Orkuver 5 er gangsett. Þá eykst á nýjan leik hraði niðurdráttarins og líkist um margt því sem var á upphafsárunum. Athyglisvert er á mynd 1 að þrýstingur Eldvarpaholunnar eltir Svartsengisþrýstinginn en stendur ætíð nokkru herra eins og eðlilegt er fyrir jaðarholu. Að sama skapi vekur athygli að hola 17 er nánast í sama þrýstisviði og holurnar í Svartsengi sem bendir til góðrar lektar þarna á milli.



**Mynd 1:** Saga þrýstings á 900 m dýpi í Svartsengi og Eldvörpum frá 1979 til 2002.

Mynd 2 sýnir sögu þrýstingsins á nýjan leik en að þessu sinni er horft á tímabilið eftir árið 1993. Er myndinni ætlað að sýna betur breytinguna sem varð 1999–2000 þegar Orkuver 5 fór í gang. Gróft á litið hefur þrýstingurinn fallið um 6 bör þau rúmu 2 ár sem Orkuverið hefur verið í gangi, þar af koma 2 bör á 2–3 mánuðum eftir að vinnslan jókst.




**Mynd 2:** Saga þrýstings á 900 m dýpi í Svartsengi og Eldvörpum frá 1993 til 2002.

Mynd 3 sýnir á nýjan leik alla þrýstisöguna í Svartsengi, en að þessu sinni hefur margliða verið felld í gegnum punktastafnið. Jafna hennar er

$$P = 75.5499 - 3.43754 \cdot t + 0.209596 \cdot t^2 - 0.51044710^{-2} \cdot t^3$$

Þar sem P er þrýstingur á 900 mus í börum-y og t er tími í árum eftir 1. janúar 1979. Óvíst er að þessi jafna hafi nokkurt spádómsgildi þar sem niðurrhalli hennar er verulegur eftir árið 2000. Er allt eins mögulegt að hraði niðurdráttarins hægi á sér á nýjan leik líkt og gerðist upp úr 1990.



**Mynd 3:** Saga þrýstings á 900 m dýpi í Svartsengi hermd með 3. gráðu margliðu auk þrýstisögu á sama dýpi í Eldvörpum.


Ekki er vaninn að renna mælum ofan í holurnar í gufupúðanum, heldur látið nægja að fylgjast vel með toppþrýstingi þeirra. Nú er fyrirbyggjandi þriggja ára löng saga samfelldrar skráningar á ástandi holna þar sem Campbell safnstöðvar frá Rannsóknasviði Orkustofnunar safna þrýstingi og stöðu á Ellalokum á mínútu fresti, árið um kring. Er þá skráð meðalgildi mínútunnar og eins hæsta og lægsta mæling innan hverrar mínútu. Þessi búnaður skilar mælingunum síðan af sér inn á tölvur Orkustofnunar og bólgna þar út skrár eftir því sem tímar líða fram. Lætur nærri að nú séu komnar yfir 1 ½ milljón skrásetningalína í hús og er hver þeirra með u.þ.b. 50 mæligildum. Þessi gögn voru meðhöndluð og birtast hér hressilega jöfnuð. Til þess verks var beitt GMT forritasafninu ásamt hinum og þessum Unix klækjum. Meginaðferðin var sú að renna Gauss síu eftir hverri tímaröð mælinganna, hafa hana 1 dags breiða og safna síðan 1 meðalgildi á dag. GMT skipunin er höfð hér með til varðveislu:

Í viðauka eru þessar síuðu tímaraddir teiknaðar fyrir hverja holu. Hér er hins vegar áhugi á að kanna hvort greina megi einhverjar breytingar í toppþrýstingi holna sem má þá tengja eðlisástandi jarðhitakerfisins. Mynd 4 sýnir þetta, en á hana hafa verið dregin öll dagsmeðaltöl toppþrýstings í holum 6–12, 14–16 og 18–20 frá 2000 til 2003, alls í 11 holum. Er þá einnig búið að henda út mjög lágum mæligildum sem eru talin stafa af lokun holu eða bilunum í skynjurum. Margt er fróðlegt hér að sjá. Til að mynda slær það skýrsluhöfunda að ef mælingarnar eru teiknaðar ómeðhöndlaðar, verður aðeins úr breitt band af bleki og engin leið að sjá út hægfare breytingar. Dagsmeðalgildin megna hins vegar að draga fram hægar sveiflur, þess vegna innan við ½ bar á ári. Lexían hér er því að yfirsöfnun er góð svo fremi að gögnin rati örugglega inn á afritaða diska og að þar séu græjur til staðar að einfalda framsetninguna.

Þá virðist mega sjá þá jafnaðarhegðun gagnanna á mynd 4 að þrýstingur hefur verið nokkuð stöðugur í Svartsengi undanfarið. Betur er vikið að þessu í viðaukanum. En ef eingöngu er horft til gufupúðans má segja að árin 2000 og 2001 hafi einkennst af stöðugum þrýstingi meðan að þrýstilækkun hefur orðið seinni hluta árs 2002. Á þetta einkum við um holur 10, 14 og 20. Hóla 16 hefur aftur á móti hækkað nokkuð í þrýstingi og má efalaust tengja það minni vinnslu. Þá sýnir myndin einnig lokunarþrýsting holna í gufupúðanum. Bregður nú svo við að allar koma þær sér í 28 til 29 bara þrýsting við lokun. Reyndar fer hola 20 langt yfir 30 börin sem er talið stafa af bilun í skynjara. Hóla 11 fer hins vegar örugglega yfir 30 bör við lokun og sést það gerast tvívegis á myndinni.

Þá má greina athyglisverðar sveiflur í þrýstingi sjóholna, þ.e.a.s. holna þar sem suða verður í fóðringu. Til að mynda hefur hola 19 verið að smáhækka úr 12 í 13 bör sem er væntanlega afleiðing hærri vatnshita. Hóla 18 virðist einnig vera með árstíðasveiflu í sér og nær hæstum þrýstingi upp úr janúar 2001 og 2002. Hugsanlega er hún að fá til sín örlítið heitara vatn að vetri en sumri. Holur 7 og 11 sjóða hins vegar að hluta til út í berg og sést það vel í hærri blástursþrýstingi en hjá holum 8, 9, 18 og 19. Er hola 7 að jafnaði rétt undir 16 börum og hola 11 sveiflast milli 18 og 19 bara. Er hún reyndar orðin það þurr að ekki tókst að mæla hana í blæstri sumarið 2002.


Í lokin er rétt að ítreka að ekki er í gangi skipuleg kvörðun þrýstiskynjara í Svartsengi en tiltölulega auðvelt að koma henni í kring. Verður vikið að því í niðurstöðukafla.




Mynd 4: Dagsmeðaltöl toppbrýstings í Svartsengi frá 2000 til 2003.



Myndir 5 og 6 sýna sögu hita í Svartsengisholum á 900 m dýpi undir sjávarmáli. Ekki eru mikil tíðindi hér og er það í samræmi við að holutoppþrýstingur hefur verið stöðugur síðustu árin á sjóholunum. Nokkur atriði má þó tína til. Þannig er hola 17 sem stendur langheitust Svartsengisholnanna, um og yfir 245°C meðan hola 19 er sú næstkaldasta (235–237°C). Þá eru holar nokkuð heitar 1999–2000. Óregla kom í toppþrýsting sumra holna í febrúar/mars 2000 og var farin ferð til að skoða það. Ef rýnt er í mynd 6 má sjá að hola 19 var ef til vill gráðu kaldari milli mælinga fyrri hluta ársins 2002 en að engin langvarandi truflun var í gangi.



**Mynd 5:** Saga hita á 900 m dýpi í Svartsengi frá 1979 til 2002.



**Mynd 6:** Saga hita á 900 m dýpi í Svartsengi frá 1993 til 2002.

## 4. KALKÚTFELLINGAR Í HOLUM


Það árabíll sem hér er til umfjöllunar í sögu vinnslu í Svartsengi var mjög rólegt hvað varðaði söfnun kalktappa í holur. Þó var hola SG-8 hreinsuð tvívegis, árin 1996 og 2000. Tafla 2 sýnir hvernig menn urðu varir við kalkið í holunni, en að venju gerði það einna helst mælum skráveifu. Þannig tapaðist mælir og 300 m af vír þegar reynt var að mæla holuna í blæstri í september 1999. Þennan blessaða dag var Ellaloki kominn á holuna og var rennslið minnkað með honum í þeirri von að koma mæli í gegn. Ekki var það og því híft á nýjan leik jafnframt því sem vélstjóri í stjórnherbergi var beðinn að auka aftur við rennslið frá þeirri e.t.v. 20% opnun sem átti að vera. Þegar aukið var við skaust vatnstappi upp holuna, slengdi mælinum upp með vírnum með þeim afleiðingum að þegar 300 m voru óhífdir sat allt fast vegna lykkju á vírnum. Endaði það náttúrulega með því að vírinn slitnaði, mælirinn húrraði niður og hefur ekki sést síðan. Hafði keilan í Ellalokanum losnað á snitti og snúist til þ.a. staðan á honum var vitlaus sem nam þessum 20% og holan því fulllokuð um stund.

**Tafla 2:** Yfirlit um sögu kalkútfellinga í holu SG-8 milli 1995 og 2002.

Dags	Tól	Dýpi (m)	Athugasemdir
3-sep-96	10" karfa	578	Stoppar á hengistykki
3-sep-96	7.25" karfa	580	Stoppar á hengistykki
3-sep-96	5.5 " karfa	639	
Sept.96	Narfi		Hreinsun
12-júl-97	7.25" karfa	800	Settist í 652 m en slapp svo í gegn
10-jún-98	1 ¼" mælir	1600	Settist á hengistykki og hæg slökun í 670 m
29-sep-99	1 ¼" mælir	~750	Settist í 675, hert að, vatnshögg og mælir eftir
Júlí 2000	Azi		Hreinsun
27-jún-02	1 ¼" mælir	1600	Högg frá hengistykki í 580 m. Talið sýna að engin útfelling er ofan þess.

Skoðun á borverkatöflu í gagnagrunni Orkustofnunar leiðir í ljós hvenær hreinsiborað hefur verið í Svartsengi. Niðurstaðan er á mynd 7, en á henni eru sýndir dagarnir þegar hreinsiborað er í Svartsengi. Kemur þar fram að hola 6 hefur þurft oftast á hreinsun að halda en hola 8 fylgir fast á eftir með 7 hreinsanir. Reyndar er hún eina holan sem hefur orðið að hreinsa eftir árið 1992.

Mælingamenn áttu við fyrirstöðu í ~540 m í holu 12 árið 1995. Hennar hafði orðið vart árið áður í eftirlitsmælingu í blæstri. Karfa (8") var send á hlutinn og virðist hafa mulið hann því 10" karfa sem kom á eftir fann ekki fyrir neinu. Þá varð líka vart fyrirstöðu í ~350 m í holu 6 í eftirlitsmælingu og undarlegs þrýstistiguls um hana. Þá fór 11 ¼" karfa niður holu 7 árið 1999 þ.a. hún er hrein það árið. Að þessu öllu er vikið í sérköflum um holurnar í viðauka 2.



Mynd 7: Yfirlit um hreinsiboranir í Svartsengi.

## 5. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Þær niðurstöður sem helstar eru af eftirlitsmælingum í Svartsengi og Eldvörpum árabilið 1995 til 2002 eru þessar:

- 1) Eftirlitstímabilið einkennist af miklum umsvifum, boraðar voru 6 nýjar holur og Orkuver 5 gagnsett seint að hausti 1999. Þessum framkvæmdum öllum svo og venjulegu vinnslueftirliti var sinnt með 165 mælingum sem eru hátt í 200 km að heildarlengd.
- 2) Upp úr áramótum 2000 fór í gang sjálfvirkur skrásetningabúnaður með holutoppþrýstingi og stöðu loka á flestum holum í Svartsengi. Búnaðurinn er búinn að safna einni og hálfri milljón skrásetningalína þegar þessi skýrsla er skrifuð. Meðaltals- og síunartækni leiðir í ljós hægfarena breytingar sem ómögulegt er að sjá með hefðbundinni skráningu.
- 3) Hiti í Svartsengi hefur verið tiltölulega stöðugur á tímabilinu, mestar hitasveiflur eru í holum 12 og 19 ( $\pm 3$  °C) en minnstar í holu 8 ( $\pm 1$  °C).
- 4) Þrýstingur tók hins vegar að lækka hratt í dýpri hluta jarðhitakerfisins við að Orkuver 5 var gangsett. Féll um næstum 2 bör á fyrstu 3 mánuðum eftir gangsetninguna og hefur alls fallið um 6 bör milli árslokanna 1999 og 2002.
- 5) Eldvarpaholan eltir Svartsengisþrýstinginn með ágætum en heldur sér ætíð heldur ofar á skalanum sem eðlilegt er hjá jaðarholu. Hóla SV-17, staðsett hálfu leið út. Eldvörp, er hins vegar með nánast nákvæmlega sama þrýsting og holurnar í Svartsengi. Það er talið endurspeglar mjög góða lekt þar á milli.

- 6) Þrýstingur var nokkuð stöðugur á toppi gufupúðaholna árabilið 2000 til 2003. Þó eru merki um að nokkur lækkun verði síðla árs 2002, e.t.v. upp á 2 bör.
- 7) Gufupúðaholur ná 28–29 bara toppþrýstingi við lokun. Allar standa þær fullar af gufur frá botni til topps.
- 8) Hola 8 safnaði ein kalki í fóðringu og leiðara og var hreinsuð tvívegis af þeim sökum.
- 9) Hola 1 heldur áfram að hitna löturhægt í botni á rúmum 220 m. Kennt er um áhrifum hræringar í gufupúðanum.
- 10) Hola 4 var steipt upp í topp árið 2002. Mælingar fyrir steypingu sýndu að holan var algerlega stífluð til neðri hluta jarðhitakerfisins.
- 11) Óvenjulegur lóðréttur þrýstistigull mældist milli 400 og 500 m dýpis í holu 6 árið 1998. Líkast til hefur gas setið þarna með sjóðandi vatnssúlu fyrir ofan og neðan. Nú er þrýstingur holunnar talinn stjórna af æð í 650 m dýpi. Hún gæti því einn daginn velt sér yfir í gufustátískan þrýsting og þarf að kanna hvort holutoppurinn sé reiðubúinn í það.
- 12) Engar marktækar mælingar hafa safnast með loftrörinu sem er í holu 6 síðustu 3 árin. Lagt er til að skoðað verði hvort koma megi enda þess í 650 m dýpi og með því freistað að ná eftirliti með þrýstingi dýpri enda gufupúðans.
- 13) Hola 7 virðist áfram sjóða að hluta út í berg og blæs að jafnaði við 1–2 börum hærri toppþrýsting en aðrar jafnheitar sjóholur. Engin útfelling var í henni í september 1998.
- 14) Hola 7 gegnir ekki lengur því hlutverki sínu að vera aðaleftirlitsholan í Svartsengi vegna skekkju sem er í holutoppnum. Ekki verður mælt aftur í holunni fyrr en nýr mælingaloki er kominn á hana. Miklar æfingar urðu í holunni þegar fiskaður var hluti holutappa árið 1998.
- 15) Hola 8 hefur blásið nokkuð jafnt en sláttur í holurennslinu virðist minnka um mitt ár 2002.
- 16) Þá virðist sem sláttur í rennsli holu 9 hafi vaxið mjög í ársbyrjun 2002. Áður höfðu mælingamenn orðið varir við hvin og hvæs í henni sem torveldaði slökun mæla. Vermisbreytingar og suða út í berg kunna hér helst að skýra.
- 17) Yfirfara þarf þrýstiskynjara holu 10 og staðfesta með því hvort þrýstilækkun sem varð síðla árs 2002 sé raunveruleg. Sama á við um holu 20.
- 18) Hola 11 sýður út í berg, líkt og hola 7, en af meiri krafti. Verður það til þess að toppþrýstingur hennar er u.þ.b. 4 börum hærri en í jafnheitum sjóholum. Hvæs og hviður hafa verið í henni sem torvelda ferð mæla og tókst ekki að mæla hana í botn af þeim sökum sumarið 2002.
- 19) Hola 12 hefur tekið við hlutverki holu 7 sem aðaleftirlitsholan í Svartsengi. Nýleg og óskýrð kæling hefur orðið á 900 m dýpi í holunni.
- 20) Ef eitthvað er hefur toppþrýstingur holu 14 í blæstri lækkað um 1 bar milli 2000 og 2003.

- 21) Toppþrýstingur holu 15 hefur lækkað frá því að vera hæstur um 12 bör í tæp 4 bör nú. Ekki er ljóst hvað veldur en hugsanlega kann breytileg blæðing að skipta máli.
- 22) Hola 16 hefur vaxið eilítið í toppþrýstingi síðustu 3 árin sem kann að stafa af minnkaðri vinnslu eingöngu. Þrýstilækkun hefur orðið í árslok 2002.
- 23) Mestur hluti niðurdælingarinnar til holu 17 fer út í 800 m og nánast ekkert vatn nær niður fyrir 1000 m. Engin merki eru um að holan hafi byggt upp þrýsting við ádælinguna og er botnþrýstingur hennar nánast sá sami og í Svartsengi.
- 24) Hugsanlegt er að hola 18 sé heitari að áliðnum vetri en á sumrin. Sláttur í rennsli hennar minnkaði upp úr áramótum 2001/2002.
- 25) Hola 19 hefur náð að hækka úr 12 í 13 bör í toppþrýstingi þau 3 ár sem toppþrýstingur hennar hefur verið skráður nákvæmlega. Heitara innstreymi er hér örugglega að verki.
- 26) Erfiðast er að gera sér grein fyrir ástandi æða holu 20 af gufupúðaholunum. Veldur að því er virðist tíðar bilanir á þrýstiskynjara.
- 27) Hola 21 virðist ætla sverja sig í hita og þrýstingi að öðrum sjóholum í Svartsengi.
- 28) Vaxandi niðurdráttur kemur fram í Eldvörpum sem hækkandi toppþrýstingur við að suðuborð fer ofan í heitara og heitara berg. Hiti neðan suðuborðs er mjög stöðugur meðan þrýstingur eltir Svartsengisþrýstinginn.
- 29) Hægt er að skrá stöðu Ellaloka á holum 8, 9 og 11 í söfnunartæki þegar tækifæri býðst.

Lagt er til að því vinnslueftirliti í Svartsengi sem snýr að djúphita og –þrýstingi, svo og á sískráningu á holutoppum, verði framhaldið á svipuðum nótum og nú er. Brýnt er að koma upp gæðastjórnun á þrýstiskynjurum svo að nákvæmni búnaðarins njóti sín til fulls og hið annars skítuga þrýstimerki endi sem langtímameðaltöl með nákvæmni upp á 0,1 bar. Eins er lagt til að áfram verði haldið með að skipta frá 2” yfir í 3” mælingaloka á holum og þannig tryggt að tjón á mælum verði í lágmarki.

## 6. HEIMILDIR

- Bjarni Richter, Steinar Þór Guðlaugsson, Benedikt Steingrímsson, Grímur Björnsson, Jón Örn Bjarnason og Sverrir Þórhallsson, 1999: *Svartsengi - hola SJ-18. Borun, rannsóknir og vinnslueiginleikar. Lokaskýrsla.* Orkustofnun, OS-99117, 124 s.
- Grímur Björnsson og Benedikt Steingrímsson 1991: *Hiti og þrýstingur í jarðhitakerfinu í Svartsengi. Upphafsstand og breytingar vegna vinnslu.* Orkustofnun, OS-91016/JHD-04.
- Grímur Björnsson, Benedikt Steingrímsson, Guðlaugur Hermansson, Hjálmar Eysteinnsson og Hjalti Franzon 1996: *Borholumælingar í Svartsengi og Eldvörpum 1995.* Orkustofnun, OS-96004/JHD-01 B, 44 s.
- Grímur Björnsson, Jón Örn Bjarnason og Sigvaldi Thordarson 1998: *Afkastamælingar á borholum í Svartsengi og í Eldvörpum árin 1996 og 1997* Orkustofnun, OS-98008, 70 s.
- Grímur Björnsson 1998: *Tvífasa reiknilíkan og spár þess um afköst suðusvæðisins í Svartsengi* Orkustofnun, OS-98012, 40 s.
- Grímur Björnsson 1998: *Ásættanleg gæfni æða í nýjum borholum Hitaveitu Suðurnesja, metin út frá þrepaprófunum í Svartsengi, Eldvörpum og á Reykjanesi.* Orkustofnun, greinargerð, GRG GrB-98/06.
- Hjalti Franzon, Steinar Þór Guðlaugsson, Grímur Björnsson, Jón Örn Bjarnason og Sverrir Þórhallsson 1999: *Svartsengi - hola SJ-17. Borun, rannsóknir og vinnslueiginleikar.* Lokaskýrsla. Orkustofnun, OS-99036, 146 s.
- Hjalti Franzon, Ragna Karlsdóttir, Grímur Björnsson og Sverrir Þórhallsson, 2000: *Staðsetning holu SJ-21 í Svartsengi.* Orkustofnun, greinargerð, HF-RK-GrB-SÞ-2000/02.
- Sverrir Þórhallsson, Hjalti Franzon og Grímur Björnsson 1997: *Svartsengi - Reykjanes. Lýsing á fjórum gerðum borholna vegna nýborana.* Orkustofnun, greinargerð, SÞ-HF-GrB-97/02.
- Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Bjarni Richter, Grímur Björnsson, Guðlaugur Hermannsson, Hjalti Franzon, Kjartan Birgisson, Ómar Sigurðsson, Sigurður Sveinn Jónsson, Sigvaldi Thordarson, Steinar Þór Guðlaugsson og Sverrir Þórhallsson 2000: *Svartsengi, hola SV-20. Borun niður að vinnsluhluta.* Orkustofnun, OS-2000/087, 58 s.
- Hjalti Franzon, Ragna Karlsdóttir, Grímur Björnsson og Sverrir Þórhallsson 2000: *Staðsetning holu SJ-21 í Svartsengi.* Orkustofnun, greinargerð, GrB-SÞ-2000/02.

## VIÐAUKI 1: YFIRLIT UM BORHOLUMÆLINGAR GERÐAR MILLI 1995 OG 2002

Alls voru gerðar 162 mælingar með Kuster og Amerada háhitatólum og 12 körfumælingar. Tólin drógu út um 194 km af mælivír í 137 mælingaferðum. Er þá búið að gera alls 504 háhitamælingar í Svartsengi fram til áramóta 2003–2003 og er heildarlengd þeirra 593 km. Ofan á það bætast síðan körfumælingar, lóðanir o.fl.

### Svartsengi

SG-07	2. apr. 1996	11:20	12:30	P	0	1346	í blæstri; Po: 15-15,8 bar
SG-07	13. jún. 1996	09:20	10:40	T	0	1343	í blæstri
SG-07	26. sep. 1996	16:40	17:40	P	0	1338	í blæstri; Po: 15,-16,1 bar
SG-07	5. mar. 1997	16:35	17:30	P	0	1334	í blæstri; samanburðarmæling við k-10630
SG-07	5. mar. 1997	15:00	16:15	P	0	1334	í blæstri; samanburðarmæling við el-86689
SG-07	5. mar. 1997	13:30	14:45	T	0	1334	í blæstri; Po: 15,9-16,3 bar
SG-07	26. jún. 1997	13:30	14:55	T	0	1337	í blæstri
SG-07	26. jún. 1997	10:20	11:45	P	0	1337	í blæstri; Po: 15,5-15,8 bar
SG-07	20. sep. 1997	10:30	12:10	T	0	1336	í blæstri
SG-07	18. des. 1997	10:15	12:00	T	0	1335	í blæstri
SG-07	18. des. 1997	12:40	14:00	P	0	1335	í blæstri; Po: 15,5 ±0,3 bar
SG-07	31. mar. 1998	10:20	11:50	P	0	1334	í blæstri
SG-07	31. mar. 1998	11:50	13:15	T	0	1343	í blæstri; Po: 15,4-15,7 bar
SG-07	10. jún. 1998	16:30	18:00	T	0	1344	í blæstri
SG-07	10. jún. 1998	15:00	16:30	P	0	1344	í blæstri; Po: 16,1 ±0,15 bar
SG-07	7. júl. 1998	09:30	11:00	P	0	1339	í blæstri; Po: 16,1 ±0,15 bar
SG-07	15. okt. 1998	16:15	00:00	P	0	1334	í blæstri; Po: 15,4-15,9 bar
SG-07	28. des. 1998	10:50	12:10	P	0	1340	í blæstri
SG-07	28. des. 1998	12:30	14:00	T	0	1340	í blæstri
SG-07	18. mar. 1999	12:30	14:30	T	0	1340	í blæstri; Po: 16,0 bar
SG-07	18. mar. 1999	10:30	12:00	P	0	1340	í blæstri; Po: 15,7 bar
SG-07	28. sep. 1999	15:10	16:30	P	0	1340	í blæstri
SG-07	28. sep. 1999	13:10	14:50	T	0	1342	í blæstri; Po: 15,4-15,6 bar
SG-08	13. jún. 1996	13:15	15:00	T	0	1574	í blæstri
SG-08	13. jún. 1996	15:15	17:00	P	0	1574	í blæstri; Po: 15,7 ±0,3 bar
SG-08	12. júl. 1997	13:30	15:00	P	0	1570	í blæstri; Po: 15,0-15,2 bar
SG-08	12. júl. 1997	11:20	13:00	T	0	1572	í blæstri; Po: 15,2 bar
SG-08	10. jún. 1998	12:30	14:15	P	0	1578	í blæstri; Po: 14,6-15,6 kg/cm <sup>2</sup>
SG-08	10. jún. 1998	10:30	12:15	T	0	1578	í blæstri; Po: 15 ±0,1 bar
SG-08	27. jún. 2002	16:45	18:30	P	0	1550	í blæstri; Po: 14,9 ±0,5 bar
SG-08	27. jún. 2002	14:30	16:40	T	0	1550	í blæstri
SG-09	12. jún. 1996	11:40	12:40	T	0	923	blæs á 2"
SG-09	2. jún. 1997	12:30	13:30	P	0	921	í blæstri
SG-09	11. jún. 1998	10:50	11:50	P	0	925	í blæstri
SG-09	29. sep. 1999	15:40	16:40	P	0	925	í blæstri
SG-09	29. sep. 1999	14:30	15:35	T	0	924	í blæstri; Po: 14,9-15,3 bar
SG-11	14. jún. 1996	11:00	12:00	P	0	1093	í blæstri Po: mælt elektr.=16 ±0.3 bar, olíufylltur=16.6 ±0.6 bar

SG-11	14. jún. 1996	09:30	10:35	T	0	1093	í blæstri Po: mælt elektr.=16 ±0.3 bar, olíufylltur=16.6 ±0.6 bar
SG-11	8. nóv. 1996	14:40	15:50	T	0	1090	í blæstri; Po: 15,7 bar og Vo: 36,5 cm
SG-11	8. nóv. 1996	17:00	19:15	P	0	1000	í blæstri; Vo: 35,5 cm
SG-11	26. maí. 1997	13:10	19:00	P	0	1000	í blæstri
SG-11	26. maí. 1997	10:20	12:00	T	0	1190	í blæstri; Po: 15,9 ±0,1
SG-11	11. jún. 1998	13:00	14:00	T	0	1095	í blæstri; Po: 15,9 ±0,2 bar
SG-11	11. jún. 1998	14:25	15:30	P	0	1095	í blæstri
SG-11	30. sep. 1999	12:40	13:50	T	0	1095	í blæstri; Po: 14,9-16,2 bar
SG-11	30. sep. 1999	14:20	15:30	P	0	1095	í blæstri; Po: 14,9-16,2 bar
SG-11	31. maí. 2000	10:40	12:00	T	0	1094	í blæstri
SG-11	31. maí. 2000	13:30	14:30	P	0	1094	í blæstri
SG-12	12. jún. 1996	15:20	16:20	P	0	982	í blæstri
SG-12	12. jún. 1996	14:20	15:20	T	0	982	í blæstri; Po: 13,4 bar
SG-12	25. jún. 1997	13:00	14:00	P	0	900	í blæstri
SG-12	25. jún. 1997	10:30	13:00	T	0	984	í blæstri; Po: 13,1 ±0,1 bar
SG-12	30. sep. 1999	18:10	19:10	P	0	988	í blæðingu
SG-12	30. sep. 1999	16:45	17:50	T	0	988	í blæðingu; Po: 8,9 bar
SG-12	29. des. 1999	10:20	11:30	T	300	984	í blæðingu; Po: 8,5-9 bar
SG-12	29. des. 1999	13:00	14:00	P	0	986	í blæðingu; Po: 8,5 bar
SG-12	2. mar. 2000	12:40	13:30	P	300	986	í blæðingu; Po: 7,7 bar
SG-12	30. mar. 2000	18:40	19:30	P	300	988	í blæðingu; Po: 6,1 bar kl. 18:40 og Po: 3,3 bar kl. 19:30
SG-12	31. maí. 2000	20:30	21:15	P	0	989	í blæðingu
SG-12	31. maí. 2000	19:15	20:20	T	0	989	í blæðingu
SG-12	2. nóv. 2001	12:10	13:00	P	0	982	Po: 0,12 bar
SG-12	2. nóv. 2001	11:00	12:00	T	0	982	
SG-12	26. feb. 2002	11:30	12:20	P	0	981	
SG-12	26. feb. 2002	13:40	14:30	T	350	981	
SG-12	15. ágú. 2002	10:50	11:55	T	0	981	
SG-12	15. ágú. 2002	13:00	13:30	P	0	981	
SV-17	27. maí. 1998	10:15	12:00	T	700	1238	Eftir 2 vikna upphitun; Vb: 345 m
SV-17	27. maí. 1998	12:50	13:40	P	400	1238	Eftir 2 vikna upphitun
SV-17	11. jún. 1998	22:00	23:00	T	500	1240	Vatnsborð ekki mælt.
SV-17	11. jún. 1998	20:50	21:40	P	400	1240	Vatnsborð ekki mælt
SV-17	27. ágú. 1998	10:40	11:50	P	400	1237	Vatnsborð ekki mælt.
SV-17	27. ágú. 1998	12:00	13:20	T	400	1238	Vatnsborð ekki mælt.
SV-17	28. des. 1998	16:30	18:00	T	400	1242	Vatnsborð ekki mælt.
SV-17	28. des. 1998	18:20	19:30	P	400	1240	Vatnsborð ekki mælt.
SV-17	8. júl. 1999	10:20	13:00	T	0	1243	"í blæstri; Po: 15,5-16,5 bar
SV-17	8. júl. 1999	13:00	18:30	P	0	1100	í blæstri
SV-17	29. mar. 2000	13:00	14:00	P	400	1242	
SV-17	29. mar. 2000	10:40	13:00	T	400	1242	Vb: 330 m
SV-17	20. des. 2000	13:30	15:30	T	400	1242	
SV-17	20. des. 2000	11:40	12:40	P	400	1242	
SV-17	1. júl. 2002	15:30	16:55	P	300	1240	
SV-17	1. júl. 2002	13:50	15:20	T	300	1240	Po: 0,4 bar
SV-18	30. des. 1998	11:15	13:10	T	350	1827	Vb: 327 m
SV-18	30. des. 1998	12:35	14:35	P	400	1827	
SV-18	18. mar. 1999	16:50	19:20	T	350	1826	Vb: 317 m
SV-18	18. mar. 1999	19:40	21:10	P	400	1827	



SV-18	11. ágú. 1999	14:00	15:10	P	300	1500	í blæstri; Po: 13 bar
SV-18	11. ágú. 1999	11:00	14:00	T	300	1826	í blæstri; Po: 10 bar
SV-18	7. mar. 2000	13:20	15:30	T	0	1832	í blæstri; Po: 14,6 bar
SV-18	7. mar. 2000	15:50	17:30	P	0	1832	í blæstri; Po: 14,2-14,8 bar
SV-18	6. apr. 2000	10:30	12:45	T	0	1829	í blæstri; Po: 14,6 ±0,2 bar kl. 10:30 og Po:14,6 bar kl. 12:45
SV-18	27. jún. 2002	12:15	14:15	P	0	1760	í blæstri
SV-18	27. jún. 2002	10:00	12:10	T	0	1760	í blæstri; Po: 14,5 ±0,2 bar
SV-19	4. sep. 1998	12:40	15:00	T	300	1572	2. dag eftir ádælingu
SV-19	4. sep. 1998	11:15	12:29	P	700	1572	2. dag eftir ádælingu
SV-19	25. sep. 1998	14:00	15:45	T	400	1567	
SV-19	25. sep. 1998	12:30	13:50	P	400	1567	
SV-19	4. feb. 1999	13:30	15:10	P	0	1573	Po: 0,15 kg/cm2 kl. 14:40, þegar mælir var í botni en var 0 kg/cm2 í upphafi
SV-19	4. feb. 1999	10:30	13:15	T	300	1574	Po: 0,05 bar
SV-19	19. ágú. 1999	10:40	12:30	T	0	1579	í blæstri
SV-19	19. ágú. 1999	13:00	14:10	P	0	1500	í blæstri
SV-19	28. sep. 1999	09:50	12:30	T	0	1579	í blæstri; Po: 12,6-12,8 bar og Vo: 10-11cm
SV-19	2. mar. 2000	10:55	12:00	P	0	1576	í blæstri
SV-19	2. mar. 2000	09:00	10:30	T	0	1576	í blæstri; Po: 11 bar
SV-19	6. apr. 2000	13:00	14:50	T	0	1577	í blæstri
SV-19	25. jún. 2002	13:00	15:10	T	0	1577	I blæstri
SV-19	25. jún. 2002	15:25	17:20	P	0	1577	I blæstri
SV-21	2. júl. 2002	10:15	11:40	P	400	1467	Vatnsborð á yfir 300 m dýpi
SV-21	2. júl. 2002	12:00	13:40	T	400	1467	


#### Eldvörp

EG-02	10. sep. 1996	16:50	17:50	P	0	1230	í blæstri, 27 kg/s; Po: 36,2 bar
EG-02	10. sep. 1996	20:20	21:10	P	0	1230	í blæstri, 15 kg/s
EG-02	10. sep. 1996	21:20	22:10	P	0	1230	í blæstri, 5 kg/s gufa
EG-02	10. sep. 1996	13:00	14:45	T	0	1230	í blæstri; Po: 27,2 bar
EG-02	26. sep. 1996	13:50	15:00	P	0	1231	í blæstri, 4,5 kg/s gufa
EV-02	11. jún. 1998	17:00	18:15	P	0	1238	I blæðingu; Po: 36,9 bar
EV-02	11. jún. 1998	18:30	20:00	T	0	1238	I blæðingu
EV-02	29. mar. 2000	10:20	12:00	P	0	1238	I blæðingu; Po: 37,1 bar
EV-02	29. mar. 2000	13:00	14:00	T	0	1238	I blæðingu; Po: 36,9 bar
EV-02	1. júl. 2002	11:45	13:10	P	0	1240	I blæðingu; Po: 38,8 bar kl. 12:50
EV-02	1. júl. 2002	10:05	11:40	T	0	1240	I blæðingu

## VIÐAUKI 2: HITA- OG ÞRÝSTIMÆLINGAR Í SVARTENGI

### Hola 1

Hola 1 kúrir í dæld sunnan við veginn að Orkuverinu, rétt við slána sem lokar veginum að nóttunni. Holan var boruð árið 1971 til öflunar skolvatns á þeim tíma. Fylgst hefur verið með hita holunnar á 3–5 ára fresti og hún í samræmi við það mæld árin 1995 og 2000. Niðurstaðan er á mynd 8. Sést þar að botnhiti holunnar heldur áfram að hækka löturhægt. Kennir hér nær örugglega lóðréttrar hræringar gufu til yfirborðs í gufupúðanum. Hins vegar er kólnun í gangi við hitatopp sem var í u.þ.b. 40 m dýpi. Þarna hefur væntanlega flotið ofan á vökvi hitaður af því gufuúttstreymi sem var í Svartsengi áður en vinnslan truflaði djúpþrýsting svæðisins. Hugsá má sér að afrennsli frá gufupúðanum til suðurs sé nú að minnka. En einnig kann skýringin að vera sú að varmaorkan að neðan rjúki hreinlega út í loftið í stað þess að þéttast í vatnsborðinu og þannig leita til suðurs sem volgt afrennsli. Ekki eru stundaðar þrýstimælingar í holunni þar sökum þess að vatnsborð hennar helst mjög stöðugt á 14–15 m dýpi.




Mynd 8: Hitamælingar í holu 1.


## Hola SG-4

Hola SG-4 hefur staðið dauð ærið lengi. Hún notuð til eftirlits með vatnsborði um skeið en því svo hætt vegna suðu í vatnssúlunni. Sprengt var í holunni sumarið 1993 vegna skjálftamælinga í Svartsengi. Eftir það var holan helst nýtt í að bakka á hana þar sem hún trónði á bílastæði gamla mótuneytisins. Loks kom þar árið 2002 að holan var orðin fyrir Orkuveri 5 og því ákveðið að steypa í hana og fjarlægja holutoppinn. Kemur Azi á svæðið og steypir í holuna dagana 24. til 31. júlí 2000. Lauk þar með farsælli og viðburðarríkri sögu holu 4. Má líklega telja hana eins konar formóður Orkuversins í Svartsengi og burðarklár þess fyrstu 5 árin í rekstrinum.

Áður en til steypingar kom, var holan lóðuð, hita- og þrýstímæld. Niðurstöður eru á myndum 9 og 10. Lóðað var í 570 m og settist á leiðinni í 439 m. Var það endurtekning frá mælingunum 1993. Vatnsborðið var hins vegar komið upp í 42 m miðað við 115 m árið 1993. Er því ljóst að stíflan neðan 570 m var á þessum tímapunkti fullkomlega vatnspétt og holan í þrýstijafnvægi við æðar ofan þessa dýpis. Að öðru leyti er lítið um mælingarnar að segja utan að berghitaferillinn, sem var gerður árið 1991, passar aldeilis ljómandi vel við mælda hitann árið 2000.



Mynd 9: Hitamælingar í holu SG-4.




Mynd 10: Þrýstimælingar í holu SG-4.


### Hola SG-6

Hola 6 hefur staðið dauð árabilið 1995–2003. Lengst af hefur verið í henni loftrör til eftirlits með vatnsborði, en óvíst var með dýpið til rörendans svo og hvort gasblæðing niður rörið hefur verið stöðug. Loftrörið er ekki í holunni í janúar 1998, líklega vegna niðurdælingartilraunar sem þá var í gangi. Var því notað tækifærið til hita- og þrýstimælinga. Niðurstöður eru á myndum 11 og 12. Mælar komust í 752 m dýpi sem er svipað og áður en fyrirstaða var hins vegar í fyrri mælingunni á 468 m. Niðurstöður sýndu óvenjulega hegðan holunnar. Þrýstiprófíllinn stekkur nefnilega til milli 400 og 500 m dýpis sem á sér helst þá skýringu að mjög eðlislétt súla sé í holunni á þessu bili.

Til að kanna þetta betur eru hafðir með á myndunnum suðumarksferlar með dýpi. Er sá á hitamyndinni látinn hefjast í 320 m dýpi og hermir hann með ágætum mælda hitann í janúar 1998. Hins vegar er á þrýstimyndinni suðuferill sem hefst á 260 m. Flísfellur þá efri hluti mælda þrýstingsins að suðuferlinum meðan sá neðri flísfellur að suðuferlinum sem hefst á 320 m. Óvenjulegt er að sjá svona og virðist staðfesta að gufu og/eða gasrík bóla hafi setið í holunni milli 400 og 500 m dýpis. Hún hefur þá setið svona a.m.k. milli klukkan 10:49 að þrýstimælirinn er í 300 m dýpi og 11:07 m þegar mælirinn er kominn í 500m. Erfitt er að sjá fyrir sér þá eðlisfræði sem leyfir svona. Er þá helst að líta til þess að þrýstimælirinn settist í 468 m í fyrri mæliferð dagsins. Er hugsanlegt að þarna hafi verið skæni sem nánast lokaði holunni. Er samt með ólíkindum að það skyldi þá halda við lóðréttum þrýstimun upp á ~5 bör.




Mynd 11: Hiti í holu SG-6. Mæling frá 1998 fylgir suðuferli sem hefst á 320 m.



Mynd 12: Prýstingur í holu SG-6. Suðuferill hefst í 260 m.

Mynd 13 sýnir hvernig Campbell eftirlitsbúnaður í Svartsengi hefur skráð þrýsting á gasi sem hefur verið látið blæða niður loftrörið holu 6. Skemmst er frá því að segja að mjög lítið er á mælingunum að græða. Þannig er marga vikna dölun í þrýstingi eftir að loft er sett á rörið mjög óeðlileg og tæpast að segja neitt um þrýstinginn í holunni. Þess til viðbótar má nefna að líklega er aðalæð holu 6 nú á 650 m dýpi ef miðað er við hita í ádælingarprófunum árið 1991. Er æðin sem stýrir holuþrýstingnum því vel ofan við djúpa og eins-fasa vatnskerfið sem ætlunin var að fylgjast með. Hins vegar er hún e.t.v. í staðinn farinn að endurspeglar þrýstinginn neðst í gufupúðanum. Þannig fæst, ef 320 m suðumarksferillinn er framlengdur að 650 m dýpi, æðaþrýstingur upp á 28 bör. Svipar því ágætlega til mælds lokunarþrýstings holnanna í gufupúðanum.

Má því e.t.v. segja að niðurstaðan af þessum hugrenningum um holu 6 sé að breyta eigi um áherslu í notkun hennar og gera að eftirlitsholu með gufupúðanum. Til að svo megi verða þarf að framlengja loftrörið þ.a. það endi nákvæmlega við æðina á u.þ.b. 650 m. Jafnframt verði kannað hvort holan þoli að fyllast af gufu og endi með allt að 30 bara þrýstingi á toppnum. Hugsanlega verður það best gert með því að kæla holuna og mynda síðan fóðringuna með holumyndavél.




**Mynd 13:** Eftirlit með þrýstingi á loftröri holu SG-6 árabilið 2000-2003. Sýnd eru dagsmeðalgildi (□) auk há- (■) og lággilda(□) þrýstingsins.


## Hola SG-7

Hola 7 þjónaði um árabíl sem aðaleftirlitsholan með þrýstingi í Svartsengi. Mynd 14 sýnir hitamælingar í holunni og mynd 15 sýnir þrýstimælingarnar, hvorutveggja með dýpi. Saga hita- og þrýstings með tímanum var hins vegar til umfjöllunar í aðalköflum þessarar skýrslu. Þegar flett er í bókum mælingabíllanna sést ýmislegt. Til að mynda voru mælingamenn hafðir til sýnis á opnu húsi í Svartsengi þann 3. júní 1995, slæm högg koma ætíð á mæla í ~885 m, í júní 1997 festist mælir illa í toppi í lok mælingar, í desember 1997 greina mælingamenn engan slátt í holurennslinu, í mars 1998 er vígt nýtt teljarahjól í NB-765 (hrosshaus), í mars 1999 er aftur vesen að lempa mælinn gegnum toppinn, og loks fer svo í apríl 2000 að ekki er lengur nokkur leið að koma mæli niður í gegnum 2" lokann á toppi. Hefur ekki verið mælt í holunni síðan og verður ekki fyrr en nýr mæliloki kemur á holuna.

Fátt er annars að bæta við mælingaumfjöllunina frá því sem var í aðalkafla. Má þó nefna að athyglisverð 5–7°C spönn er í mælda holuhitanum og ekki hægt að ættfæra hana nema að hluta til kvörðunarskekku. Þá hliðrast mældi þrýstingurinn til vinstri á mynd 15 eftir því sem niðurdráttur hefur vaxið í Svartsengi.



Mynd 14: Hitamælingar í holu SG-7.



Mynd 15: Prýstimælingar í holu SG-7.

Mynd 16 sýnir dagsmeðaltöl toppprýstings og Ellaloka holu 7. Margt er athyglisvert við þessa mynd. Í fyrsta lagi ber að nefna að prýstiskynjarar hafa enst óvenju illa á holunni og talsvert oft verið skipt um þá. Má sjá hvenær það gerist sem skyndilegt stökk í prýstingi. Skynjarabilanir kunna hins vegar að koma fram sem veruleg hækkun eða lækkun toppprýstings. Þá er einnig athyglisvert að slátturinn í holurennslinu breytist skyndilega til minnkunar í október 2000 án þess að dagsmeðaltalið haggðist. Ekki er einhlít skýring á þessu utan að jafnara rennsli ber helst að skýra með hækkuðu vermi. Eins sýnist sem toppprýstingur holunnar hafi breyst tiltölulega lítið á þessu þriggja ára tímabili, þrátt fyrir ~3 bara lækkun í djúpprýstingi svæðisins. Styður það tilgátuna um að vermi holunnar hafi verið að hækka, því annars hefði komið fram allt að 1 bars lækkun í toppprýstingnum (Grímur Björnsson og Benedikt Steingrímsson, 1991).


Þá urðu töluverðar æfingar hjá mælinga- og gufuveitumönnum í september 1998 þegar skipt var um aðalokann með holutappa. Varð þá eftir í holunni neðsti hluti tappans (kóngurinn) og fóru nokkrir dagar í að fiska hann úr. Hafðist ekki fyrr en holan var drepin. Var ýmislegt prófað, húkkað í kónginn meðan holan var enn undir prýstingi, hann féll niður en kom síðan aftur upp og hjó þá vel í fóðringuna rétt undir flans o.s.frv.

Lóð, körfur, heimasníðuð fiskitæki og fleira drasl fór og kom úr holunni í þessum æfingum og sumt varð eftir. Þegar holan var drepin náðust upp efri hluti tappans og fiskitæki. Síðan var lóðað á neðri hlutann og fannst hann á 75 m dýpi. Nótt fór í hönd og klukkan 5 að morgni fór holan í gos sökum ónógrar ádælingar. Skaust þá tappabúturinn upp í holutoppinn. Fannst hann á innan við ~1/2 m dýpi. Sett á blæðing beint upp og



teini síðan stungið gegnum pakk á kæfingarloka til að fyrirbyggja að tappinn dytti niður. Holan síðan kæfð á nýjan leik. Þegar örugglega dauð var opnað. Fannst þá tappinn á u.þ.b. 7 m dýpi, skordaður á ská, og hafði ekki tollað uppi þrátt fyrir teininn. Var nú smíðað enn eitt fiskitækið og það sent niður á mælingavír.

Tók síðan við sjónrennslisæfing að laxveiðimannasið og hafðist á endanum að krækja í kall. Kom síðan úr holunni með friði en eitthvað af gúmmídrasli vantaði enn. Lauk þessu brasi því með 11 ¼" körfumælingu niður í 700 m dýpi án þess að neitt myndist. Jafnframt staðfesti karfan að ekki var nein útfelling í fóðringunni. Var draslið úr tappanum því talið komið ofan í holubotn og aðgerðum þar með lokið. Var mikil ánægja með málalokin, ekki síst að holan var hreinsuð án þess að kalla þyrfti til bor.




**Mynd 16:** Eftirlit með toppþrýstingi (efri mynd) og lokastöðu holu SG-7 árabilið 2000–2003. Sýnd eru dagsmeðaltöl (□) auk há- (◻) og lággilda (◻).


## Hola SG-8

Reynt hefur verið að mæla holu SG-8 einu sinni á ári en gengið upp og ofan sökum þess að hún er eina holan í Svartsengi sem safnar í sig kalkútfellingu. Frá 1994 hefur því tekist að mæla í botn árin 1995, 1996, 1997, 1998 og loks 2002. Niðurstöður hita- og þrýstimælinga eru sýndar á myndum 17 og 18. Þegar bókum úr mælingabílum er flett má lesa ýmislegt. Þannig sest mælir á hengistykki (580 m) og nartar á 750 m í hífingu í október 1995. Hægir vel á mæli í slökun í júní 1996. Körfumælt er í september 1996, sjá töflu 2. Í júlí 1997 er handflaskan við holuna og körfumælt í leiðinni. Í júní 1998 sest mælir í slökun á 585 m og var síðan í hægri slökun niður fyrir 670 m, högg í 750 m. Í september 1999 er fyrirstaða í 666 m dýpi, hægt á rennsli með Ellaloka og slakað í rúma 700 m en þá stopp. Í hífingunni var aukið aftur við rennslið til að læra að staðan á Ellaloka mældist röng. Vatnshamar henti því mæli upp og hringaði vírin sem varð til þess að lykkja dróst upp í mælirör. Festist allt þegar 330 m eftir af hífingunni, slitnar og mælir í botn. Í júní 2002 er hins vegar mælt án áfalla og finnst meira að segja fyrir hengistykkinu á 580 m sem er tekið til marks um að engin útfelling sé ofan þess.

Um hita- og þrýstimælingarnar má hins vegar segja að ólíkt holu 7 er nánast ekkert flökt í hita hola 8. Hins vegar sést vel sú rúmlega 5 bara þrýstilækkun sem verður við að Orkuver 5 fer í gang haustið 1999.




Mynd 17: Hitumælingar í holu SG-8.



**Mynd 18:** *Prýstimælingar í holu SG-8.*

Mynd 19 sýnir dagsmeðaltöl sískráningar á toppprýstingi holu 8. Staða Ellaloka er hins vegar ekki sískráð en má bæta inn á safnstöðina við tækifæri. Líkt og í holu 7 er toppprýstingur holu 8 stöðugur í kringum 14 bör öll 3 árin en sláttur hins vegar meiri. Þó bregður svo við í september 2002 að slátturinn minnkar verulega í e.t.v. 3 mánuði en virðist svo vera að vaxa á ný í janúar 2003.




**Mynd 19:** Eftirlit með toppþrýstingi (efri mynd) og lokastöðu holu SG-8 árabilið 2000–2003. Sýnd eru dagsmeðaltöl (□) auk há- (■) og lággilda (□).


### Hola SG-9

Hola 9 hefur verið mæld árlega milli 1995 og 2002 utan að ekki var mælt á árinu 2001. Niðurstöður mælinganna með dýpi eru sýndar á myndum 20 og 21. Nokkur sveifla hefur verið í hita holunnar neðan suðuborðs, fór hann einna hæst árin 1999 og 2000 en hefur síðan lækkað á nýjan leik. Þrýstingurinn hefur svo fallið hratt við gangsetningu Orkuvers 5 líkt og í öðrum holum.

Ekki er tíðinda þegar hola 9 er flett upp í dagbókum mælingabíla. Mæling í október 1995 er hæg og hljóð utan að útfellingalaust hengistykkið slær. Hins vegar er hátíð í júní 1996 þegar nýr Econoline mælingabíll Orkustofnunar (NB-765) mælir fyrstu háhitaholuna í sinni sögu. Í júní 1997 eru mælingar gerðar meðan holan blæs út á hlandflösku. Ekkert ber til tíðinda árin 1998 og 1999 utan að hengistykkið sést seinna árið. Í maí 2000 er holan hins vegar óvenjuleg í hegðun, var eins og gufurík skot kæmu í hana á mínútu fresti og vont að slaka niður meðan þau stóðu. Minnstust menn ámóta hegðunar í holu 11 þegar hún var að byrja að þorna. Síðan sést hengistykkið í mælingunum 2002 en “gufuskotin” voru hins vegar horfin.




Mynd 20: Hitamælingar í holu SG-9.



Mynd 21: Þrýstimælingar í holu SG-9.

Mynd 22 sýnir skráningu á toppþrýstingi holu 9. Sem í öðrum holum er meðalgildi toppþrýstingsins nokkuð jafnt, meðan undarlegar breytingar verða í dreifingu hæstu og lægstu gilda toppþrýstings. Virðist þessi breyting verða í janúar 2002, síðan er holan á blæðingu yfir sumarið, en þegar hún kemur aftur inn á veitu í ágúst 2002 flóktir toppþrýstingurinn talsvert. Ekki er á þessari stundu hægt að útskýra hví holan lætur svona, en óneitanlega beinist grunurinn að vermismbreytingum. Rétt er að nefna að söfnunartækið sem skráir gögnin er forritað til að taka við stöðu Ellalokans og má koma þeirri söfnun á með tiltölulega litlum fyrirvara.




**Mynd 22:** Eftirlit með toppþrýstingi (efri mynd SG-9 árabilið 2000–2003. Sýnd eru dagsmeðaltöl (□) auk há- (◻) og lággilda(◻). Stöðu Ellaloka er ekki safnað.

### Hola SG–10

Hola SG-10 hefur ekki fengið í sig borholumæli síðan 1984. Hins vegar er ágætt að fylgjast með holunni eingöngu gegnum toppþrýsting hennar og stöðu á Ellaloka. Er þessi gögn sýnd á mynd 23. Nú er ýmislegt öðruvísi en í blautu sjóholunum. Þrýstingurinn er mun hærri en helst samt tiltölulega stöðugur í u.þ.b. 25 börum árin 2000 og 2001. Síðan bilar mælirinn að öllum líkindum um sumarið 2002 en er kominn í lag um haustið. Nú í janúar og febrúar 2003 virðist hins vegar sem þrýstingurinn hafi

fallið í 23–24 bör og er það umtalsvert. Mikilvægt er að kanna hvort enn sé skítur í þrýstimælingunni og jafnvel að skipta um skynjarann.




**Mynd 23:** Eftirlit með toppþrýstingi (efri mynd) og Ellaloka (neðri mynd) holu SG-9 árabilið 2000–2003. Sýnd eru dagsmeðaltöl (□) auk há- (■) og lággilda (□).

Annað athyglisvert atriði á mynd 23 er að í stuttum vinnsluhléum má sjá hvernig holan hefur jafnað sig í þrýstingi. Þetta gerist a.m.k. þrisvar, í ágúst 2000, júlí 2001 og í maí 2002. Í öll skiptin verður myndarleg jöfnun og endar dagsmeðaltalið í 28–29 börum. Er fróðlegt að bera það saman við meintan 28 bara þrýsting holu 6 í 650 m æðinni og fjallað var um hér að ofan.

### Hola SG–11

Hola 11 hefur verið í árlega mælingakerfinu líkt og flestar aðrar holur í Svartsengi. Myndir 24 og 25 sýna mæligögnin. Sama sagan og í holum 7–9, þ.e. svolítið flökt í hita kringum 240°C og þrýstilækkun við að Orkuver 5 fer í gang. Þegar rýnt er í dagbækur mælingabíla sést ýmislegt. Fyrst ber að nefna að skekkja er í tengingu 2” ventils við holu og ekki hægt að koma mælum niður nema með því að toga efri enda blástursrörs í átt að kjallaratröppunum. Er það miður og til stórrar hættu fyrir mælana. Mælingarnar 1995 og 1996 eru tíðindalausar utan að stafrænn þrýstimælir frá Trausta í Kemíu var


vígður seinna árið. Þá er hlandflaskan við holuna í nóvember 1996 og aftur í maí 1997. Í maí mælingunni 1997 verður hins vegar sú nýlunda að holuslátturinn virðist hafa vaxið talsvert, hávaði í holunni og óreglulegar hviður í rennslinu sem vont var að slaka á móti. Eins fannst fyrirstaða á 42 m í maí 1997 sem hefur hvorki fundist fyrr né síðar. Þessi sláttur og hviður í rennslinu eru enn til staðar í júní 1998 og september 1999 og slógu menn á sveiflutíma upp á ~30 sekúndur. Í maí 2000 var hins vegar auðvelt að slaka en aftur á móti ómögulegt í júlí 2002 og var þá gefist upp á 302 m dýpi.




**Mynd 24:** Hitamælingar í holu SG-11.

Mynd 26 sýnir sískráningu á toppþrýstingi holu 11, umreiknað til dagsmeðalgilda. Þrýstingur er nokkuð stöðugur og stökk í mælingum talin stafa af annað hvort endurnýjun skynjara eða breyttri stöðu á Ellaloka. Söfnunartækið er tilbúið að taka við þessu merki líkt og í holum 8 og 9. Þá er áberandi á mynd 26 að mun minni dreif er í útgildum þrýstingsins en í holunum sem eru með vermi nærri 240°C vatnshita. eru þær systur í þessu tillita holur 7 og 11 og njóta báðar suðu út í berg.







Mynd 25: Prýstimælingar í holu SG-11.




Mynd 26: Eftirlit með toppþrýstingi (efri mynd SG-9 árabilið 2000–2003. Sýnd eru dagsmeðaltöl (□) auk há- (□) og lággilda(□). Stöðu Ellaloka er ekki safnað.




**Mynd 27: Hitamælingar í holu SG-12.**



**Mynd 28: Hitamælingar í holu SG-12.**



Mynd 29: Þrýstimælingar í holu SG-12.




Mynd 30: Eftirlit með toppþrýstingi (efri mynd SG-9 árabilið 2000–2003. Sýnd eru dagsmeðaltöl (□) auk há- (□) og lággilda (□).

## Hola HSH-14


Líkt og í holu 10, hefur verið lítið um mælingar í holu 14. Þó er hitamælt árið 1995 í holunni og þrýstimælingar gerðar bæði 1995 og 1996. Myndir 31 og 32 sýna mælingarnar ásamt eldri gögnum. Holan er boruð 1993 og hefur nokkur undangengin ár verið tengd inn á gufuveitu. Aðalæðar holunnar eru 2, í ~350 m og ~580 m. Eftirlitsmælingarnar sýna að holan þróaðist fljótlega yfir í hreina gufuholu þar sem nánast einn og sami þrýstingurinn er frá toppi í holubotn.

Ekkert tíðindavert tengist mælingunum 1995, en í nóvember 1996 var hins vegar sérstakt verkefni í gangi sem fólst í að mæla þrýstijöfnun gufupúðans þegar holu 10 var lokað. Síritar voru á holum 10, 14 og 15 en þar að auki mæld jöfnun þrýstings á 350 m dýpi í holu 14. Skýrir það hví 1996 þrýstimælingin nær einungis í það dýpi (mynd 32).


Mynd 33 sýnir sískráningu toppþrýstings holu 14 milli árána 2000 og 2003. Holan er í vinnslu allan tímann. Tvennt stendur út úr þrýstisögunni. Annars vegar að toppþrýstingur holunnar hefur dalað sem nemur 1–2 börum á þessum þremur árum. Hins vegar að holan nær að jafna sig upp í 25–27 bara þrýsting í tveimur stuttum vinnsluhléum. Þá er smávegis ólga í toppþrýstingnum sem verður látin óútskýrð hér.



Mynd 31: Hitamælingar í holu SV-14.



Mynd 32: Prýstimælingar í holu SV-14




Mynd 33: Eftirlit með toppþrýstingi (efri mynd) holu SV-14 árabilið 2000–2003. Sýnd eru dagsmeðaltöl (□) auk há- (◻) og lággilda (◻).


## Hola SV-15

Líkt og með holur 10 og 14, er lítið mælt niðri í holu 15, en þess betur fylgst með toppþrýstingi holunnar. Þó var mælt niðri í holunni árin 1998 og 1999. Myndir 34 og 35 sýna niðurstöðuna, holu fulla af gufu og nokkra lækkun þrýstings milli 1993 og 1998. Ekkert kom upp á í þessum mælingum sem verðskuldaði línu í dagbækur mælingabíla.


Mynd 36 sýnir svo sögu toppþrýstings holu 15, enn og aftur sem eitt meðalgildi á dag. Sést þar nokkur dölun í þrýstingi frá miðju ári 2000. Þar áður er talið að ólag hafi verið á skráningunni og e.t.v. ekki nóg blæðing heldur, því skýrsluhöfunda rekur minni til að frosið hafi í skynjurum við holuna. Sú dölun þrýstings sem á sér stað fram í apríl/maí 2001 getur því allt eins stafað af því að holan er að jafna sig að breyttri blæðingu. Eftir það er þrýstingurinn klettstöðugur. Af myndinni má því álykta að ekki séu í gangi neinar sérstakar vinnslutengdar breytingar í vatnskerfinu sem liggur ofan á gufupúðanum.



Mynd 34: Hitamælingar í holu HSH-15.



Mynd 35: Prýstimælingar í holu HSH-15.



Mynd 36: Eftirlit með toppprýstingi (efri mynd) holu SV-15 árabilið 2000–2003. Sýnd eru dagsmeðaltöl (□) auk há- (□) og lággilda (□).

## Hola SG-12

Hola 12 þjónar nú sem ein aðalmælingaholan með djúpþrýstingi í Svartsengi. Tók við því hlutverki eftir að toppur holu 7 var orðinn svo skakkur að mælar komust ekki lengur niður í holuna. Þá spillir ekki að holan stendur nánast dauð og er því mjög þægileg í umgengni. Niðurstöður þrýsti- og hitamælinga eru á myndum 27 og 28. Nú ber svo við að unnt var að mæla holu 12 með rafmagnsmæli í ágúst 2002 þar sem holan var steindauð á þeim tíma. Er mælingin því höfð með á fyrri myndinni og sýnir með ágætum að vatnsborð í heitri Svartsengisholu var þá á 376 m dýpi. Á síðari myndinni er hitinn hins vegar sýndur á bilinu 200 til 245°C, rétt eins og í öllum fyrri myndunum í viðaukanum. Þrýstingurinn er eðlilega fallandi, meðan talsverð spönn er í mældum hita neðan suðuborðs. Kann það að eiga sér þá eðlilegu skýringu að sumar mælingarnar eru gerðar í holunni blásandi en aðrar í holunni lokaðri. Athygli vekur kælipunktur sem er orðin viðvarandi í 900 m dýpi haustið 2002. Ekki verður hann skýrður hér.

Sem áður koma punktar úr dagbókum mælingabíllanna. Þannig er hola 12 körfumæld í júlí 1995 sökum þess að vart varð við fyrirstöðu í holunni á 534 m dýpi í blástursmælingu haustið 1994. Fyrri ferðina átti 8" karfa og settist hún í 536 m. Bankað var á fyrirstöðuna og losnaði þá um og gekk karfan viðstöðulaust í 700 m. Síðari ferðina átti 10" karfa og fann hún ekki fyrir neinu á leið sinni í 700 m dýpið. Blástursmælingar árin 1995, 1996 og 1997 eru svo án tíðinda utan að hlandflaskan er komin við holuna í júní 1997 þegar þá er mælt. Holan er síðan tekin úr rekstri vegna byggingar Orkuvers 5 og er nánast gleymd þar til haustið 1999 að mælt er í september og desember, mánuðina í kringum gangsetningu Orkuvers 5. Síðan þá hefur holan verið mæld 14 sinnum og þannig staðið undir því hlutverki sínu að vera aðalmæliholan djúpþrýstings í Svartsengi.

Mynd 30 sýnir skráningu á toppþrýstingi holu 12 síðustu 3 árin. Þessi mynd hefur satt að segja trúlega enga þýðingu fyrir vinnslueftirlitið í Svartsengi, utan að hún sýnir tvennt: 1) að holan er lengi að drepast árið 2000 og 2) að hún hefur lifnað á nýjan leik í október 2002.




## Hola SV-16


Lítið hefur verið um eftirlit í holu 16 utan mælingar sem eru teknar með mánaðarmillibili í upphitnun holunnar. Niðurstöður eru á myndum 37 og 38, en þær sýna hita og þrýsting með dýpi. Sver holan sig í ætt við nágrannakerlingarnar, stendur full af gufu upp og niður úr og nánast sami þrýstingur alla leið.

Með þetta ástand í huga hefur toppþrýstingnum verið safnað á mínútu fresti um árabíl og úr honum gerð mynd 39. Hún sýnir dagsmeðaltöl toppþrýstingsins og stöðuna á Ellalokanum. Nokkuð öfug þróun sýnist eiga sér stað í holu 16 miðað við holur 10 og 14. Nú virðist nefnilega helst sem toppþrýstingur hennar hafi hækkað nokkuð árabilið 2000 til 2003. Skýringu þessa má þó efalaust einfaldlega tengja minni opnun holunnar eftir mars 2001. Fram til þess tíma stóð hola 16 nánast ein undir 30 MW vélinni í Orkuveri 5 ef rétt er munað og sýnir hvílkur stólpagripur er hér á ferð.


Þá svíkst söfnunarbúnaðurinn ekki undan í stuttum vinnsluhléum sem urðu þrisvar á skráningartímanum. Kemur þá í ljós að þrýstingurinn rís í öll skiptin að 28 börum og jafnvel nær 29 börum í stoppinu sem varð í maí 2002. Gögn þessi eru þyngdar sinnar virði í gulli og ættu að skorða með ágætum reiknilíkön af gufupúðanum.



Mynd 37: Hitamælingar í holu SV-16.



Mynd 38: Prýstimælingar í holu SV-16.




Mynd 39: Eftirlit með toppprýstingi (efri mynd) og stöðu Ellaloka (neðri mynd) holu SV-16 árabilið 2000–2003. Sýnd eru dagsmeðaltöl ( $\square$ ) auk há- ( $\square$ ) og lággilda ( $\diamond$ ).

## HOLA SV-17


Hola 17 þjónar sem niðurdælingarhola fyrir orkuverið í Svartsengi og er boruð þar sem komið er hálf leið út í Eldvörp. Slæðingur er kominn af mælingum úr holunni, gerðar í upphitnun, blæstri og loks ein mæling í niðurdælingu. Myndir 40 og 41 sýna gögnin sem söfnuðust. Tvennt kom á óvart þegar hiti og þrýstingur holu 17 lágu fyrir. Annars vegar að hiti neðan suðuborðs er yfir 245°C, sem er góðum 5°C hærra en í Svartsengi. Hins vegar að þrýstingur holunnar, umreiknaður að dýpi undir sjávarmáli er nánast sá sami og í Svartsengi. Nú mætti ætla sökum fjarlægðar að einhver þrýstihækkun yrði til þessarar áttar líkt og til Eldvarpaholunnar, en svo er ekki. Hlýtur lektin milli holu 17 og vinnslusvæðisins í Svartsengi því að vera mjög góð.

Blástur holu 17 út á hlandflöskuna, í júlí 1999, sýndi að niðurdráttur var hverfandi í blæstri og því staðfest að sú örvun sem átti sér stað með ádælingu kalds vatns eftir að Jötunn fór af holunni var varanleg. Mælingarnar í niðurdælingu, frá 1. júlí 2002, sýna því nánast réttan svæðisþrýsting en einnig að mestur hluti vökvans sem dælt er í holuna er kominn út í bergið ofan 1000 m dýpis. Mest virðist reyndar fara út í 800 m.

Gagnasöfnunarbúnaður er við holuna en ekki vannst tími til að teikna mælingar hans að þessu sinni og bíður betri tíma.



